

SNEMMTÆK ÍHLUTUN
Í MÁLÖRVUN OG LESTARNÁMI
GRUNNSKÓLABARNA

- UPPBYGGING MÁLÖRVUNARHÓPA



SKARÐSHLÍÐARSKÓLI

Þróunarverkefnið **Snemmtæk íhlutun í málörvun og lestrarnámi grunnskólabarna** var unnið í Skarðshlíðarskóla skólaárin 2017-2020.

Leiðbeinandi

Ásthildur Bj. Snorradóttir, talmeinafræðingur

Verkefnastjórar

Ásthildur Bj. Snorradóttir og Kristín Laufey Reynisdóttir deildarstjóri stoðþjónustu

Aðrir í þróunarteyminu

Kristín Guðnadóttir, sérkennari

Bjartey Sigurðardóttir, talmeinafræðingur

Hrönn Harðardóttir, umsjónarkennari og sérkennari

Svava Dögg Gunnarsdóttir, umsjónarkennari

Hönnuður

Berglind Þórisdóttir, deildarstjóri UT

Ljósmyndir

Árdís Ármannsdóttir og kennarar

Forsíðumynd

Árdís Ármannsdóttir, nemendur setja puttafar á Milusteininn

EFNI

1	FORMÁLI	7
	ADDRAGANDI VERKEFNIS	10
	UNDIRMARKMÍÐ	11
	ÞAKKIR	11
2	SAMSTARF HEIMILIS OG SKÓLA	12
	2.1 AUKIN FRÆÐSLA TIL FORELDRA	13
	2.2 SAMSTARF VIÐ FÉLAGSMÍÐSTÖÐINA SKARÐIÐ	14
3	FRÆÐILEGUR RÖKSTUDNINGUR	15
	3.1 TENGL MÁLS OG LÆSIS	16
	3.2 BIRTINGARMYND MÁLÞROSKA	17
	3.3 MEGINÞETTIR MÁLS–MÁLKERFIÐ	18
4	UNDIRSTÖÐUÞETTIR LÆSIS	20
	4.1 EINFALDA LESTRARLÍKANIÐ	22
	4.2 SJÓNÆNN ORÐAFORÐI	23
5	VINNA MEÐ MÁLÞROSKA OG LÆSI	25
	5.1 SNEMMTÆK ÍHLUTUN–SJÓNÆNAR VÍSBENDINGAR	26
	5.2 UPPBYGGING MÁLÖRVUNARHÓPA	29
	5.2.1 SÉRSTAKAR BOÐSKIPTAREGLUR	31
	5.3 SKIPULEG VINNUBRÖGD	31
	5.4 HJÓDAADFERÐ	32
	5.5 K-PALS	33
	5.6 PALS	33
	5.7 STIGSKIPT KENNSLA	34
	5.8 HUGMYNDIR AÐ VERKEFNUM Í HRINGEKJUVINNU	34
	5.9 LESSKILNINGSADFERÐIR	36
	5.10 GEFÐU 10	37
	5.11 RÁÐGJÖF TIL FORELDRA–HLJÓÐKERFISVITUND	37
	5.12 TVÍTYNGD/FJÖLTYNGD BÖRN	38
6	PRÓF OG SKIMANIR	44
	6.1 PRÓF OG SKIMANIR SEM SNÚA AÐ MÁLÞROSKA OG LÆSI Í LEIKSKÓLA OG Á HEILSUGÆSLU	45
	6.2 PRÓF OG SKIMANIR Í GRUNNSKÓLUM	47

7	MÁLÖRVUNAREFNI OG FLOKKUN EFTIR MÁLBÁTTUM	51
	LISTI YFIR MÁLÖRVUNAREFNI Í SKARÐSHLÍÐARSKÓLA	55
8	VERKFERLAR	58
9	GAGNLEGT EFNI	64
	9.1 VERKFÆRAKISTA HUGMYNDIR	65
	9.2 GAGNLEGAR VEFSLÓÐIR	65
10	LOKAORÐ	68
11	HEIMILDARSKRÁ	70
12	FYLGISKJÖL	76
	SPURNINGALISTAR	77
	GÁTLISTI LESFERILS	81
	SÝNISHORN AF EINSTAKLINGSÁÆTLUNUM	84
	ORÐAGULL–LEIÐBEININGAR	87
	AÐ KUNNA VIÐEIGANDI BODSKIPTI	94

1

FORMÁLI

Skarðshlíðarskóli tók til starfa haustið 2017 í safnaðarheimili Ástjarnarsóknar. Fyrsta skólaárið voru nemendur 97 í 1.-4. bekk og starfsmenn 24. Fyrsta árið fór í að móta starfsemina og koma skólafarfinu af stað. Haustið 2018 fór skólinn í fyrsta hluta framtíðar húsnæðis við Hádegisskarð 1. Þann vetur voru nemendur 150 í 1.-5. bekk. Skólaárið 2019-2020 var nemendafjöldi 220 í 1.-8. bekk. Haustið 2020 var skólinn fullbyggður og nemendur 270. Í byggingunni er einnig fjögurra deilda leikskóli sem tók til starfa haustið 2019 og útibú frá Tónlistarskóla Hafnarfjarðar. Grunnskólinn starfar eftir lögum um grunnskóla nr. 91/2008 og tekur starfsemi hans mið af aðalnámskrá grunnskóla 2011/2013 líkt og lög gera ráð fyrir. Hann er rekinn af Hafnarfjarðarbæ og sér Mennta- og lýðheilsusvið Hafnarfjarðar um eftirlit með fag- og rekstrarlegum þáttum hans.

Gildi Skarðshlíðarskóla, samvinna, vinátta og þrautseigja eru leiðarljós skólafarsins. Tákn skólans er fiðrildi sem er myndað úr tveimur hjörtum. Merkingin á bak við fiðrildið er að lítil púpa breytist í fallegt og litríkt fiðrildi líkt og grunnskólagangan á að vera umbreytingarferli fyrir nemendur. Gildin og táknið eiga að endurspeglast í stefnu skólans og öllu starfi hans. Skólinn leggur áherslu á SMT skólafærni sem notuð er til að skapa jákvæðan skólalag og tryggja velferð allra innan skólans. Lögð er áhersla á að styrkja jákvæða hegðun til að fyrirbyggja og draga úr óæskilegri hegðun.

Markmið skólafarsins er að við lok grunnskólagöngu útskrifst skapandi nemendur með gott sjálfstraust. Þeir séu sjálfstæðir, lausnamiðaðir og tilbúnir til að takast á við verkefni framtíðarinnar. Til að ná þessu takmarki er lögð áhersla á fjölbreytta kennsluhætti, lífsleikni, leiðtogafærni og góðan námsárangur nemenda út frá eigin forsendum. Leitað er allra leiða til að koma til móts við ólíkar þarfir nemenda og lögð áhersla á hvetjandi námsumhverfi þar sem nemendur njóta sín í leik og starfi.

Teymiskennsla er ein af lykilstoðum í námi og kennslu þar sem hver árgangur myndar eina heild með umsjónarkennurum sem vinna saman að því að byggja upp gott námsumhverfi. Áhersla er lögð á samvinnu og gott upplýsingastreymi til forráðamanna nemenda því þeir eru mikilvægir hlekkir í námi barna sinna.

Skólinn leggur einnig áherslu á gott samstarf við leikskólana í hverfinu og við Tónlistarskóla Hafnarfjarðar.

Einkunnarorð skólans eru: Samvinna, vinátta og þrautseigja.



Hreyfing er mikilvæg í skólstarfinu og vorið 2018 fór Milan af stað. Milan er verkefni að skoskri fyrirmynd sem á ensku kallast The Daily Mile. Um 5000 skólar víðsvegar um heiminn eiga aðild að verkefninu en Skarðshlíðarskóli er fyrsti íslenski skólinn sem tekur þátt. Milan fer þannig fram að daglega fara nemendur út í 15 mínútur til að ganga, skokka eða hlaupa. Rannsóknir hafa sýnt fram á að ávinningur þátttakenda er betri líðan, aukið sjálfstraust, betri einbeiting, betri samskipti, minni streita og kvíði ásamt aukinni þrautseigju. Auk þess er þetta öflug leið til að bregðast við offitu og kyrrsetu. Skólaárið 2020-2021 hófst innleiðing á Altækri hönnun náms (e. Universal design for learning (UDL)) sem felur í sér að mæta þörfum allra nemenda með því að draga úr hindrunum í námi og gefa þannig öllum nemendum jöfn tækifæri til náms. Árið 2017 var farið af stað með þróunarverkefnið Snemmtæk íhlutun í málörvun og lestrarnámi grunnskólabarna. Tilurð verkefnisins má rekja til þess að Ásthildur Bj. Snorradóttir talmeinafræðingur kynnti hugmyndina um snemmtæka íhlutun fyrir stjórnendum og sérkennara skólans. Ásthildur og Kristín Laufey Reynisdóttir sérkennari báru hitann og þungan af verkefninu í upphafi. Á öðru ári bættist Kristín Guðnadóttir sérkennari í hópinn og á því þriðja Hrönn Harðardóttir og Svava Dögg Gunnarsdóttir umsjónar- og sérkennarar. Bjartey Sigurðardóttir talmeinafræðingur og Fjóla Sigrún Sigurðardóttir deildarstjóri frístundaheimilisins Skarðssels bættust við í tengiliðahópinn á þriðja ári.



Nemendur á leið í fyrstu míluna

Aðdragandi verkefnis

Í byrjun veitti Ásthildur talmeinafræðingur ráðgjöf varðandi val á verkefnum, spilum og málörvunarefni til að nota til þjálfunar í málörvunarhópum. Hún hélt fræðslufund fyrir starfsfólk grunnskólans og fundaði reglulega með tengiliðum í þeim tilgangi að fara yfir stöðuna á verkefninu. Kristín Laufey hélt utan um starfið í tengiliðahópnum. Strax á fyrsta ári var málörvunarefni keypt, tengiliðir kynntu sér notkun þess og þjálfun hófst. Á öðru ári var allt málörvunarefni í eigu skólans flokkað eftir viðeigandi málþáttum en það auðveldar mikið notkun þess.

Þáttur í innleiðingu verkefnisins var heimsókn í Brekkubæjarskóla á Akranesi en þar hefur verið unnið með uppbyggingu málörvunarhópa undir leiðsögn talmeinafræðings til margra ára. Bergrós Ólafsdóttir talmeinafræðingur og Laufey Skúladóttir kennari útskýrðu uppbyggingu og framkvæmd í málörvunarhópum í fyrsta og öðrum bekk.

Skólaárið 2019-2020 var Skarðssel sem er frístundaheimili Skarðshlíðarskóla tekið með í verkefnið. Talmeinafræðingarnir fóru yfir spil og annað málörvunarefni í eigu Skarðsels, flokkuð þau út frá málþáttunum og ráðlögðu um kaup á spilum. Sérstök áhersla var lögð á að mæta betur þörfum barna sem eiga annað móðurmál en íslensku til að efla kunnáttu þeirra í málinu.

Sama skólaár fóru börn í fyrsta bekk sem greindust í áhættuhópi 1 í hljóðkerfis - hljóðavitund eða málþroska samkvæmt Lesskímunarprófi Lesferils fyrir 1. bekk í málþroskamát hjá talmeinafræðingum. Boðað var til skilafunda með foreldrum, deildarstjóra sérkennslu og bekkjarkennurum þar sem farið var yfir niðurstöður málþroskamatsins.

Markmið verkefnisins byggir á hugmyndafræði snemmtækrar íhlutunar. Hún felur í sér m.a. að skilgreina og meta þarfir allra barna í fyrsta og öðrum bekk varðandi málþroska. Niðurstöður matsins eru nýttar til að byggja upp stigskipta kennslu og til að velja verkefni við hæfi. Verkefnin eru valin með það í huga að styrkja þá málþætti sem barnið þarf að þjálfva.

Í upphafi skólaárs er nemendum raðað í málörvunarhópa eftir niðurstöðum gagna frá leikskólum og gátlista sem fylgir Lesskímunarprófi Lesferils fyrir fyrsta bekk. Það eru kennarar í fyrsta bekk og sérkennari sem fara yfir gögnin.

Unnið er markvisst með viðeigandi málþætti og undirstöðupætti læsis hjá þeim börnum sem það þurfa. Þetta er framkvæmt með því að beita aðferðafræði stigskiptrar kennslu sem er öflugt kennslufyrirkomulag til að vinna að snemmtækri íhlutun. Á þennan hátt er stuðlað að því að öll börn sem byrja í skólanum nái hámarksárangri hvað varðar málþroska og læsi.

Undirmarkmið

- Að nota skilvirkari vinnubrögð hvað varðar málþroska og læsi með því að búa til verkáætlun fyrir starfsfólk að styðjast við
- Aukin áhersla á íhlutun og uppbyggingu málörvunarhópa og einstaklingskennslu þar sem hvert barn fær íhlutun og kennslu við hæfi
- Að auka þekkingu, færni og öryggi starfsfólks í vinnu með málörvun og læsi
- Efla íslenskukennslu með viðeigandi málörvun og stuðning fyrir nemendur með annað móðurmál en íslensku
- Að auka samstarf kennara við aðra sérfræðinga og foreldra hvað varðar málörvun og læsi

Þakkir

Við þökkum Ásthildi Bj. Snorradóttur sérstaklega fyrir fræðslu, góða samvinnu, metnað og frumkvæði. Enn fremur þökkum við henni fyrir öll góðu ráðin sem hún gaf okkur á öllum stigum í innleiðingu verkefnisins. Bjarteyju Sigurðardóttur þökkum við einnig fyrir hennar framlag.



Fiðrildi sem er tákn skólans. Málörvunarefnið í hillum fyrir aftan

2

SAMSTARF HEIMILIS OG SKÓLA

Ein af forsendum góðs skólastarfs er gott samstarf heimila og skóla. Starfsfólk skóla og foreldrar leggja sitt af mörkum í samstarfinu og stuðlar þannig að ánægju og vellíðan nemenda.

2.1 Aukin fræðsla til foreldra

Mikilvægt er að efla samstarf leik- og grunnskóla og brúa bilið þannig að grunnskólinn haldi áfram að vinna með barnið út frá bakgrunnsupplýsingum frá leikskóla. Haldnir skulu sameiginlegir fundir með starfsfólki leik- og grunnskóla.

Foreldrasamstarf er mikilvægt og í þessu verkefni hafa foreldrar gengið í lið með skólanum og þjálfað börnin heima samkvæmt áætlunum og námsefni frá kennurum.

Í byrjun skólagöngu er þróunarverkefnið kynnt fyrir foreldrum nemenda í fyrsta bekk. Þegar niðurstöður Lesferils lesskímunar liggja fyrir er farið yfir niðurstöðurnar með forráðamönnum. Ef niðurstöður gefa til kynna erfiðleika er útbúin kennsluáætlun þar sem fram koma markmið sem unnið er að, leiðir og kennsluefni. Forráðamenn fá kennsluáætlunina í hendurnar og verkefni til þjálfunar heima. Þannig vinna forráðamenn markvisst með starfsfólki skólans að því að hvert barn fái íhlutun við hæfi.

Lögð er áhersla á góða samvinnu við foreldra barna sem eru að læra íslensku sem annað tungumál. Haldnir eru fundir með tülki þar sem tekið er tillit til mismunandi bakgrunns og menningar. Á fundunum er unnið markvisst að því að skapa traust og skilning á milli mismunandi menningarheima. Einnig er stutt við foreldra með viðeigandi ráðgjöf, stuðningi og vali á kennsluefni sem að styður við íslenskukennslu og viðeigandi málörvun fyrir þennan hóp barna.

2.2 Samstarf við frístundaheimilið Skarðssel

Góð samvinna milli skóla og frístundaheimilisins Skarðssels er mikilvæg. Starfsmenn fá markvissa fræðslu þar sem áhersla er lögð á að fjalla um aðferðir og íhlutun sem starfsmenn geti nýtt sér í daglegu starfi með börnunum. Í fræðslunni verður fjallað um leiðir sem örva málþroska, ýta undir lestur og hvernig á að mæta þörfum barna sem eru að læra íslensku sem annað tungumál.



Allir úti að leika

3

FRÆÐILEGUR RÖKSTUÐNINGUR

Í þessum kafla er fjallað um málþroska og læsi sem eru þeir fræðilegu þættir sem verkefnið byggir á.

3.1 Tengsl máls og læsis

Málið er eitt öflugasta verkfæri hugsunarinnar. Rannsóknir um allan heim sýna tengsl góðs málþroska við lestur (Catts og Kahmi, 1999; Ásthildur Bj. Snorradóttir, 1999; Jóhanna Einarsdóttir, Amalía Björnsdóttir og Ingibjörg Símonardóttir, 2004; Stackhouse og Wells, 2004). Auk þess hafa komið fram rannsóknir sem sýna að málþroskafrávik geta haft bein áhrif á hegðun, líðan og námsárangur viðkomandi barns (Sólveig Jónsdóttir, 2007).

Málþroskaraskanir geta verið af ýmsum toga og orsakast m.a. af ýmiss konar fötlunum eða langvarandi veikindum. Stór hópur barna greinist með málþroskafrávik án þess að um önnur frávik sé að ræða og er þá talað um að börn séu með sértækar málþroskaraskanir (Ester Sighvatsdóttir og Sigríður Magnúsdóttir, 2004). Góður málþroski er undirstaða læsis og alls náms. Fram hefur komið fylgni á milli mælinga á málþroska við níu og sextán ára aldur. Hætta er á að börn með málþroskafrávik sem ekki fá viðeigandi íhlutun dragist sífellt meira aftur úr jafnöldrum. Þau lenda í erfiðleikum með lestur, ritun og textagerð. Það sem skiptir höfuðmáli er að finna hvaða taugafræðilegu veikleikar liggja til grundvallar málþroskafrávikum og erfiðleikum með lestur. Það er best gert með því að þekkja hvaða undirstöðupættir þurfa að vera til staðar til þess að börn nái tókum á lestri og einnig að þekkja og vita hvaða málþættir liggja til grundvallar góðum málþroska. Mikilvægt er að greina málþroskaraskanir hjá ungum börnum sem allra fyrst og veita viðeigandi þjálfun og kennslu. Birtingarform málþroskaraskana geta verið margvísleg og þess vegna er mikilvægt að þekkja hvernig þær geta komið fram.



Samverustund á sal

3.2 Birtingarmynd málþroskafrávika

Það hefur sýnt sig að börn með málþroskafrávik sýna oft hegðunarerfiðleika og frávik sem koma fram í neðangreindri töflu. Þess vegna er mikilvægt að skoða eðli frávik og mikilvægt að stefna á þverfaglega nálgun í sem flestum tilfellum vegna þess að hver sérfræðingur skoðar barnið út frá sinni sérfræðipækkingu. Það er mikilvægt að skoða hvað liggur til grundvallar hegðunar og námserfiðleikum til að barnið fái kennslu við hæfi (Sólveig Jónsdóttir, 2007).

Birtingarmynd málþroskafrávika
Athyglisbrestur, hegðunarerfiðleikar
Námserfiðleikar
Málskilningserfiðleikar
Heyrnarminniserfiðleikar
Slakur orðaforði, málskilningur
Málfræðierfiðleikar
Erfiðleikar í tjáningu, taka þátt í samræðum í hópi og/eða við einstaklinga
Erfiðleikar með að skilja og vinna með mælt/ritað mál
Orðgleymska, erfiðleikar með að kalla fram orð
Framburðarfrávik - hljóðkerfisröskun
Feimni, kvíði, óróleiki, uppgjöf, vanvirkni, skólaförðun

Hulme og Snowling (2009)

Málið er verkfæri fyrir hugsunina og undirstaða fyrir allt nám. Þess vegna er mjög mikilvægt að greina börn með málþroskaraskanir sem allra fyrst og veita þeim viðeigandi kennslu. Með því er hægt að draga úr eða jafnvel koma í veg fyrir námserfiðleika síðar meir. Ganga verður úr skugga um að grunnurinn fyrir lestrarfærni sé til staðar, sem er að stórum hluta góður málþroski. Börn með málþroskafrávik eru oft mjög lengi að ná valdi á lestrartækninni. Auk þess glíma þau einnig við erfiðleika þegar reyna fer á lesskilning sem að byggir á málskilningi (Hrafnhildur Ragnarsdóttir, 2004). Hætt er við að þessir nemendur glími við námserfiðleika alla skólagönguna og margir þeirra gefist upp og hrökklist úr námi eftir grunnskóla. Þess vegna er mikilvægt að koma til móts við þarfir nemenda með málþroskaraskanir með málörvun við hæfi út frá viðeigandi málþáttum.

Skoða þarf bakgrunnsupplýsingar frá leikskólanum vel og vinna áfram út frá heildstæðri skólastefnu. Halda áfram að styrkja grunninn að lestri fyrir þau börn sem þurfa áframhaldandi málörvun.

3.3 Meginþættir máls - málkerfið

Málkerfið er byggt upp af fimm meginþáttum sem allir gegna mikilvægu hlutverki í lestrarnámi. Í allri málörvun og stigskiptri kennslu skiptir sköpum að vinna með þá málþætti sem að barnið á í erfiðleikum með til þess það náí árangri í námi. Mál og lestur eru órjúfanlegir þættir sem hafa áhrif hvor á annan.

Málþættirnir eru:
Merkingarfræði (e. semantics). Málskilningur, orðaforði og hugtök. Mismunandi hugtakaflokkar leggja grunn að skipulagningu orðaforða og skapa möguleika á að mynda ný samsett og afleidd orð. Lesskilningur byggir m.a. á góðum málskilningi.
Setningafræði (e. syntax). Setningafræði byggir á málfræðireglum sem segja til um hvernig orð raðast saman í setningar. Þessi þáttur er m.a. undirstaða ályktunarhæfni og tengist lesskilningi og leshraða.
Myndunarfræði (e. morphology). Merkingarbærir orðhlutar sem eru undirstaða fyrir málfræði tungumálsins. Þeir hafa áhrif á skilning flóknari orða og hæfileikann til að búa til ný orð. Myndunarfræði tengist lesskilningi, leshraða og sjónrænum orðaforða.
Hljóðkerfi (e. phonology). Málhljóð viðkomandi tungumáls og reglur um hvernig þau tengjast. Hljóðkerfið er undirstaða fyrir umskráningu, hljóðkerfsvitund, sjónrænan orðaforða og leshraða.
Málhegðun (e. pragmatic). Í henni felst að kunna viðeigandi boðskipti, vitundin um hvernig mál er notað á ólíkan hátt við mismunandi aðstæður. Hér er til dæmis um að ræða viðeigandi form boðskipta tengd kurteisi, samskiptum og líkamstjáningu. Veikleikar í málhegðun geta valdið misskilningi og erfiðleikum í samskiptum. Varðandi alla málþætti er mikilvægt að nemendur hafi innsýn í eigin vanda, bæði hvað varðar málþroskafrávik og lestrarvanda (Singh og Kent, 2000; Steinunn Torfadóttir o.fl., 2011).

Vandi barns með málþroskafrávik getur birst í öllum þáttum málsins sem síðar getur haft neikvæð áhrif á lestrarfærni og líðan. Afar mikilvægt er að beita aðferðum snemmtækrar íhlutunar, finna börn með málþroskafrávik sem allra fyrst og skilgreina hvaða málþætti þarf að vinna með. Einnig þarf að leggja áherslu á að velja börn í málörvunarhópa eftir eðli málþroskafráviks, skrá hvað er gert í málörvunartímum og meta árangur. Síðast en ekki síst þarf að upplýsa forráðamenn og fá þá í samvinnu við íhlutunina, það er hægt með fræðslu um málþroskafrávik og að benda á málörvunarefni og leiðir. Börnin fá einnig heimanám sem tengist vinnunni í skólanum. Kennarar og starfsfólk skóla sem koma að barni með málþroskafrávik þurfa fræðslu um birtingarform málþroskafráviks til þess að þeir séu í stakk búnir að mæta þörfum þess.

4

UNDIRSTÖÐUÞÆTTIR LÆSIS

Niðurstöður lestrarrannsóknna (National Reading Panel, 2000) sýna að árangursrík lestrarkennsla þarf að ýta undir fimm þætti. Þeir eru: Orðaforði, tengsl stafs og hljóðs (umskráning), lesskilningur sem byggir á málskilningi, hljóðkerfisvitund og lesfimi. Mikilvægt að vita hvar á læsislínunni nemendur eru staddir í byrjun grunnskólagöngu. Góðar bakgrunnsupplýsingar skipta miklu máli. Þær geta verið frá foreldrum ásamt niðurstöðum úr fyrra mati, skimunum og greiningum sem koma frá leikskólanum.


Þættir sem einkenna góðan lesara er góð hljóðavitund og næmi fyrir tengslum stafs og hljóðs. Þetta næmi veldur því að nemendur eiga auðvelt með að umskrá bókstafi yfir í hljóð. Einnig þarf að huga vel að lesskilningi en hann byggir á málskilningi. Í góðum málskilningi og máltjáningu felst að nemandinn hefur gott vald á öllum málþáttunum eins og orðaforða, málfræðivitund, setningaupbyggingu, hlustun, heyrnrænni úrvinnslu, hljóðkerfisvitund, framburði og viðeigandi boðskiptum. Allir þessir þættir tengjast læsi og lesskilningi.

Hljóðkerfisvitund er sá hæfleiði að geta hugsað og talað um hljóðkerfi málsins. Þessi þáttur er mikilvæg undirstaða fyrir börn til þess að geta náð valdi á lestrarferlinu. Flest börn fæðast með forsendur til að þróa með sér góða hljóðkerfisvitund. Börnin skynja form tungumálsins og geta aðskilið það frá merkingarlegu innihaldi þess og hljóðkerfisvitund þeirra heldur áfram að þróast á eðlilegan hátt. Hópur barna sem vegna erfða og taugafræðilegra veikleika eða vanörvunar þróa ekki með sér þennan mikilvæga undirstöðuþátt. Þessi börn þurfa markvissa þjálfun og kennslu til að styrkja hljóðkerfisvitund sína. Hljóðavitund er þróaðasti hluti hljóðkerfisvitundar og skiptir sköpum við að hjálpa börnunum við að læra hljóð bókstafanna.



Á bókasafninu

4.1 Einfalda lestrarlíkanið



Til að skilja lestur og lestrarerfiðleika er mikilvægt að setja fram á einfaldan hátt sjálft lestrarferlið. Samkvæmt einfalda lestrarlíkaninu (Hoover og Gough, 1990) felst lestur aðallega í tveimur mikilvægum aðgerðum sem eru: Umskráning (að skilja að bókstafir standa fyrir ákveðin hljóð) og málskilningur sem er undirstaða fyrir lesskilning. Þessir þættir eru aðskildir en samt tengdir á þann hátt að nemendur þurfa að ná valdi á báðum þáttum til þess að teljast læsir. Nemendur geta náð valdi á umskráningu en ekki náð tökum á skilningi á innihaldi texta eða nemendur geta verið með góðan skilning á innihaldi texta en eiga samt í erfiðleikum með að umskrá bókstafi í hljóð. Báðir þættir hafa mikil áhrif á lesfimi sem er sjálfvirkur og nákvæmur lestur sem verður betri með aukinni þjálfun. Það skiptir miklu máli í kortlagningu á lestrarerfiðleikum að greina hvar erfiðleikar nemandans liggja til þess að geta veitt viðunandi kennslu í anda snemmtækra íhlutunar.

Í því ljósi er aftur vakin athygli á mikilvægi þess að gera sér grein fyrir að allir málþættirnir eru tengdir lestri. Einn af mikilvægustu undirstöðubáttum góðs lesskilning er sjónrænn orðaforði sem verður til við lestur bóka. Þessi orðaforði vex við aukinn lestur í gegnum allt lífið. Hins vegar þegar nemendur ná ekki valdi á lestrarferlinu auka þeir síður við orðaforða sinn og bilið á milli þeirra og nemenda sem eru vel læsir verður enn meira. Þetta veldur síðan miklum erfiðleikum í námi þegar námsgreinum fjölgar og námið byggir á flóknari orðaforða sem nemendur ráða ekki við. Þess vegna er afar mikilvægt að vinna út frá heildstæðri skólustefnu og skoða vel bakgrunnsupplýsingar og niðurstöður skimana og greininga sem fylgja nemendum frá leikskóla yfir í grunnskóla og veita stuðning og íhlutun út frá kennslufræðilegum þörfum allra nemenda.

Mikilvægt er að meta stöðu barns út frá einfalda lestrarlíkaninu með það fyrir augum að skoða hvort vandi barnsins tengist málskilningi eða hljóðkerfi tungumálsins. Einnig er mikilvægt að skoða, bókstafsþekkingu, umskráningu og sjónrænan orðaforða barnsins. Flesta þessa undirstöðubætti er hægt að skoða strax í leikskóla og þess vegna er mikilvægt að vinna út frá heildstæðri læsisstefnu.

Lesblinda (e. dyslexia) er taugafræðilegur veikleiki sem lýsir sér þannig að börn eiga erfitt með að umskrá bókstafi yfir í hljóð og tengja þau saman í orð. Þetta veldur því að þau ná ekki tökum á innihaldi textans vegna þess að of mikil orka fer í umskráningu á texta (Snowling, 2000). Erfiðleikar í hljóðkerfi tungumálsins endurspeglast stundum í slökum framburði en einnig eru börn sem eru í áhættu fyrir lestrarörðugleikum oft með orðaforða langt undir meðalgetu jafnaldra. Það skiptir máli að skoða hvaða þætti viðkomandi barn þarf að þjálfra til að ná tökum á lestrarferlinu. Þess vegna er stigskipt kennsla í mismunandi málörvunarhópum mikilvæg. Í öllu falli þarf að mæta kennslufræðilegum þörfum allra barna miðað við hvar í lestrarferlinu þau eru stödd.

4.2 Sjónrænn orðaforði

Það er mjög gagnlegt að meta hvar nemendur eru staddir varðandi bókstafsþekkingu, umskráningu og þróun sjónræns orðaforða til að geta veitt þeim kennslu við hæfi. Linnea C. Ehri (1997) setti fram kenningu um hvernig börn byggja upp sjónrænan orðaforða. Kenningin lýsir þróunarferli sem nemendur fara í gegnum á leið sinni í að verða góðir lesarar og skilja það sem lesið er.

Ehri - Sjónrænn orðaforði

Undanfari bókstafsstigs (e. *Pre Alphabetic Phase*): Stundum kallað myndastigið vegna þess að börn á þessu stigi eru ekki búin að læra að þekkja bókstafina og hljóð þeirra. Þau tengja orðmyndir við ákveðnar aðstæður og hluti eins og þekkt merki fyrirtækja.

Ófullkomið bókstafsstig (e. *Partial Alphabetic Phase*): Barnið þekkir fáein tengsl stafs og hljóðs (sól -s-ó-l) en kann ekki lesbútaaðferðina (að búa orð í þægilegar leseiningar) og freistast til að giska. Á þessu stigi eru börnin ekki búin að ná fullri færni í að þekkja alla bókstafina og hljóð þeirra. Þeim hættir til að geta sér til um merkingu orða. Börn sem eiga erfitt með umskráningu eiga það til að festast á þessu stigi. Það er því mikilvægt að meta stöðu hvers barns.

Fullkomið bókstafsstig (e. *Full Alphabetic Phase*): Barnið myndar fullkomin tengsl milli stafs og hljóðs, en forsenda þess er að það þekki alla stafina. Að geta hljóðað sig af algjörrí nákvæmni gegnum áður óþekkt orð er ný færni og barnið byggir upp sjónrænan orðaforða sinn um leið. Barnið getur hljóðað sig í gegnum orð sem það hefur ekki séð áður. Barn með erfiðleika í hljóðkerfi málsins getur átt í erfiðleikum með að ná upp hraða og eyðir of miklum tíma í að umskrú bókstafi yfir í hljóð. Mikilvægt er að finna börn sem eiga í þessum erfiðleikum og vinna áfram markvisst í að styrkja hljóðkerfisþætti og hljóðaaðferðina til að barnið nái tökum á þessum þætti.

Heildrænt bókstafsstig (e. *Consolidated Alphabetic Phase*): Barnið þekkir orð og orðhluta sem heildir sem er grunnurinn að sjálfvirkum fyrirhafnarlausum lestri. Barnið les ekki bókstaf/hljóð hvert fyrir sig og hefur náð góðu valdi á hljóðtengingu. Það veldur því að barnið festir orðmyndir og merkingu þeirra í minni. Barnið nær tökum á lesfmi og sjálfvirkum fyrirhafnarlausum lestri og sjónrænn orðaforði eykst hröðum skrefum í gegnum lestur (Ehri, 1997, Muter, 2003).



Nemandi að vinna með sjónrænan orðaforða

5

VINNA MEÐ MÁLÞROSKA OG LÆSI

Í þessum kafla er fjallað um þær kennsluáðferðir sem notaðar eru í lestrarnámi nemenda í Skarðshlíðarskóla.

5.1 Snemmtæk íhlutun - Sjónrænar vísbendingar


Snemmtæk íhlutun er afmarkað fræðasvið. Sérfræðingar hafa gert sér grein fyrir því að hægt sé að hafa áhrif á þroskafravindu barna og undirbúning fyrir nám með ígrunduðum aðferðum (Weitzman og Greenberg, 2002; Tryggvi Sigurðsson, 2006). Heilastarfsemin hjá ungum börnum er ekki fullmótuð og börn eru næmari fyrir íhlutun á yngri árum. Þetta þýðir að því fyrr sem málþroskafrávik eru greind og skilgreind er hægt að draga úr eða jafnvel koma í veg fyrir námserfiðleika síðar á lífsleiðinni. Með breyttum verkferlum sem leggja áherslu á snemmtæka íhlutun er hægt að hjálpa börnum með málþroskafrávik. Það á bæði við börn með málþroskaröskun og börn sem eru greind á einhverfurófi eða með aðrar fatlanir sem að hafa í för með sér frávik í málþroska. Eitt af því mikilvægasta í málörvun er að læra sjálfstjórn, kunna undirstöðuþætti fyrir boðskipti, hafa innsýn inn í eigin vanda og ná árangri í málörvun. Þessir þættir tengjast stýrivirkni heilans. Í uppbyggingu málörvunarhópa er mikilvægt að nota aðferðir sem hafa áhrif á þessa virkni með aukinni samvinnu og þekkingu á hvaða aðferðir er best að nota í kennslu og einnig að velja málörvunarefni við hæfi. Þess vegna er mikilvægt að vinna út frá heildstæðri skólastefnu og vanda skil á milli skólastiga. Bæði leik- og grunnskóli ættu alltaf að vinna út frá hugmyndafræði um snemmtæka íhlutun.



Nemendur að vinna með Super Duper spil sem styrkja mismunandi málþætti

Málskilningur er háþróuð færni sem byggir á heyrnar- og sjónskyni. Þegar börn læra að lesa þurfa þau að geta byggt á ákveðnum grunni til þess að geta gert sér í hugarlund þær aðstæður sem þau lesa um. Börn með málþroskafrávik eiga oft erfitt með að þekkja tilfinningar og skilja tengsl orsakar og afleiðingar, sem getur haft áhrif á getu þeirra til þess að túlka lestexta síðar á ævinni. Þá getur þetta haft áhrif á færni þeirra við að búa til skema, eins konar innra handrit sem er mikilvægt fyrir mál- og lesskilning (Brinton og Fujiki, 2006; Westby, 2006). Þessi grunnur er lagður hjá ungum börnum í gegnum leik. Í leiknum búa þau til skema sem er geymt í minninu. Það sýnir tengsl hluta og alhæfða þekkingu tengda atburðum, aðstæðum, hlutum og texta (Singh og Kent, 2000). Táknrænn leikur og ímyndun sem þróast í hlutverkaleik byggir upp skema fyrir málskilning. Í þeim tilfellum þar sem þessi grunnur hefur ekki fengið að þróast og börn eiga í erfiðleikum með málþroska sem að m.a. hefur áhrif á orðaforða, málskilning og máltjáningu, þá er góð leið að nota sjónrænar vísbendingar. Það er hægt að nota sjónrænar vísbendingar bæði með því að hafa dagsskipulagið sjónrænt og einnig með því að kenna börnum undirstöðupætti fyrir viðeigandi boðskipti með því að nota sjónrænar vísbendingar. Góður lesskilningur byggir síðan á málskilningi og orðaforða (Ásthildur Bj. Snorradóttir, 2010). Börn sem eru að byrja í fyrsta bekk í grunnskóla eru með mismunandi þarfir vegna þess að undirstöðupættir fyrir mál og lestur eru mislangt á veg komnir. Þetta ýtir enn frekar undir mikilvægi þess að fara vel yfir niðurstöður úr greiningum, matstækjum frá leikskóla og skoða vel bakgrunnsupplýsingar sem fylgja barninu til þess að geta veitt kennslu við hæfi.

Seinkun í leikþroska og orðaforða getur verið fyrsta vísbending um lestrarerfiðleika. Börn sem hafa góðan orðaforða hafa forskot í lestrarferlinu vegna þess að þau hafa fleiri orð á valdi sínu. Það nýjasta í fræðasamfélaginu er að mikil áhersla er lögð á kortlagningu frávika barnsins til þess að geta veitt íhlutun við hæfi og samvinnu sérfræðinga. Ekki er einblínt eingöngu á hvaða heilkenni barnið hefur greinst með, heldur hvað liggur til grundvallar heilkenninu til þess að geta styrkt taugabrautir með íhlutun. Kennarar og annað fagfólk þarf að kunna að setja upp aðstæður til að styrkja taugatengingar sem liggja til grundvallar hljóðkerfisvitund, orðaforða, setningamyndun og öðrum málþáttum (Hulme og Snowling, 2009).



Nemendur að vinna með smáforritið Orðagull

Eitt af því sem að þarf að vera til grundvallar allri kennslu er að skoða hvort barnið hafi sjálfstjórn og kunni undirstöðuþætti fyrir boðskipti s.s hlusta, horfa, bíða, passa hendur, gera til skiptis, sameina athygli, viðhafa sjálfstjórn og geta munað það sem sagt er. Einnig þarf barnið hafa innsýn inn í eigin vanda og geta gert sér einhverja grein fyrir af hverju það þarf að læra það sem er verið að vinna með í málörvunarhópunum. Það er hægt að gera með því að útskýra fyrir börnum hugtök eins og að vera þolinmóður, einbeittur, kurteis o.s.frv. Þessir þættir hafa síðan afgerandi áhrif á þrautseigju og úthald sem eru forsendur til þess að líða vel og ná árangri í lífinu.

Til þess að ná árangri í málörvun þarf greining á málþroskafrávikum að liggja fyrir. Síðan er mikilvægt að vinna með skilgreinda þætti málkerfisins út frá eðli vandans. Leggja þarf áherslu á að vinna út frá hugmyndafræði um snemmtæka íhlutun og nota gagnreyndar aðferðir, með því að vinna út frá mælanlegum markmiðum í málörvun, meta árangur og stuðla að aukinni samvinnu fagstétta og foreldra. Eitt af því sem einkennir góðan kennara er sérfræðipækking og reynsla. Það er ekki nóg að nota aðferðir sem eru gagnreyndar, heldur þarf kennarinn að kunna að beita slíkum aðferðum ásamt því að meta árangur af því sem er verið að vinna með hverju sinni. Siðferðisvitund, virðing fyrir öðrum fagstéttum og samkennd þarf líka að vera til staðar. Í því ljósi er mikilvægt að vera með teymisvinnu fagstétta eftir þörfum vegna þess að hver sérfræðingur metur barnið út frá sinni sérfræðipækkingu.




Nemandi við vinnu

5.2 Uppbygging málörvunarhópa

Eins og fram hefur komið þarf að leggja áherslu á að velja börn í málörvunarhópa eftir eðli málþroskafrávika, skrá hvað er gert í málörvunartímum og meta árangur. Síðast en ekki síst þarf að upplýsa forráðamenn og fá þá í samvinnu við íhlutunina. Það er hægt með fræðslu um málþroskafrávik og benda á málörvunarefni og leiðir. Börnin fá síðan heimanám sem tengist vinnunni í skólanum. Kennarar og starfsfólk skóla sem koma að barni með málþroskafrávik þurfa fræðslu um birtingarform málþroskafrávika, til að þeir séu í stakk búnir að mæta þörfum þess.

Hóparnir mega ekki vera of stórir svo að öll börn í hópnum fái að njóta sín. Það er mjög gott að styðja við vinnuna í málörvunarhópnum með því að nota sjónrænar vísbendingar og kenna börnum félagslegar boðskiptareglur ásamt því að velja málörvunarefni við hæfi. Með því að nota sjónrænar vísbendingar er hægt að brjóta kennslustundina niður í smærri einingar með myndum (Dæmi: hlusta - mynd af eyra, spila - mynd af spili, vinna í spjaldtölvu - mynd af spjaldtölvu, verkefnabók - mynd af bók).

Það er mikilvægt að hafa skýr markmið með málörvuninni og skrá og meta árangur. Börnin þurfa að hafa innsýn inn í hvað er verið að æfa og til hvers er ætlast af þeim. Kennari þarf að vera meðvitaður um hvaða málþætti er verið að styrkja og velja málörvunarefni í samræmi við það. Einnig þarf að leggja áherslu á viðeigandi boðskipti og að mæta þörfum allra barna. Þá þarf að huga vel að velja börn saman í hópa með svipuð frávik í málþroska. Það er einnig mikilvægt að leyfa börnum sem eru komin lengra og eru bráðger að fá að njóta sín í hópavinnu.



Leitað verður allra leiða til að koma til móts við ólíkar þarfir nemenda og lögð áhersla á að námsumhverfið sé hvetjandi og nemendur fái notið sín í leik og starfi.

Í lok kennslustundar er gott að hjálpa börnunum að rifja upp það sem var gert í hópavinnunni. Að nota sjónrænar vísbendingar hjálpar barninu að gera sér grein fyrir uppbyggingu kennslustundar og að vita hvenær kennsla byrjar og endar. Síðast en ekki síst þarf að lesa vel í boðskipti allra barnanna sem taka þátt. Á það sérstaklega við um börn sem nota bendingar, látbragð og óyrt skilaboð til þess að koma hugsunum sínum á framfæri. Það mikilvægasta er síðan að vinna í gegnum leikaðstæður og að kunna að vekja áhuga barnanna á mismunandi verkefnum og áhugaverðum hlutum í nánasta umhverfi. Lykill að árangri í allri vinnu með börnum er að þau hafi gaman af því sem er verið að gera hverju sinni og sýni gleði og öryggi í samskiptum. Börn þurfa á viðurkenningu að halda og finna að þau eru samþykkt eins og þau eru.

Áhersla er lögð á að öll börnin í hópnum séu virkir þátttakendur og huga sérstaklega að þeim börnum sem eru með fjölbættan vanda samanber umfjöllun um sérstakar boðskiptareglur hér á eftir. Kennslustundin byrjar á að heilsa og ef þörf er á fara yfir boðskiptareglur Bínu en þær eru: Sitja, passa hendur, passa fætur, hlusta, horfa, tala, bíða, gera til skiptis og muna. Kennslustundin er römmuð inn með því að gefa börnunum verkfæri til þess að auka sjálfstjórn, einbeitingu og úthald. Kennslustundin er brotin niður í smærri einingar og stuðst er við sjónrænar vísbendingar:

- Heilsa og kveðja
- Fara yfir boðskiptareglur
- Fara yfir skipulagið, nota sjónrænar vísbendingar eftir þörfum
- Val á viðeigandi málörvunarefni og vinna með það
- Rifja upp hvað var gert í kennslustundinni
- Hrósá börnunum fyrir sitt framtak og síðan að þakka fyrir hópavinnuna

Dæmi: Hlusta (velja hlustunarverkefni við hæfi), spila/leika (velja viðeigandi spil og leiki út frá málþáttum sem er verið að styrkja), bók (velja verkefnabók sem tengist vinnunni í málörvunarhópnum), muna (rifja upp hvað var gert í kennslustundinni og hjálpa börnunum þannig við að kalla úr minni orð og hugtök sem voru notuð í stundinni).



Sýnishorn af boðskiptareglum Bínu

5.2.1 Sérstakar boðskiptareglur

Í sumum tilfellum þurfa börn boðskiptareglur sem eru sérstaklega sniðnar að þeirra þörfum. Það getur átt við börn sem glíma við alvarlegar málhamlanir, einhverfu, þroskaskerðingu eða börn með athyglisbrest og ofvirkni. Þetta getur einnig átt við um börn sem eru að takast á við erfiða líðan og hegðun. Búnar hafa verið til sjónrænar vísbendingar sem eru aðlagðar að einstaklingsþörfum barna með mismunandi þarfir. Valdar eru litlar myndir sem minna börnin á viðeigandi hegðun og boðskipti. Þessar myndir eru settar á lykklakippu sem er börnunum alltaf innan handar. Það er alltaf byrjað á því að fara yfir myndirnar með börnunum og útskýra vel fyrir þeim fyrir hvað þær standa. Síðan eru þeim sýndar myndirnar eftir þörfum til að minna þau á hvað þau þurfa að vinna með hverju sinni. Sjónrænar vísbendingar sem eru notaðar á þennan hátt hjálpa börnunum líka til þess að vita til hvers er ætlast af þeim. Í staðinn fyrir að nota of miklar útskýringar eða skammir er börnunum einfaldlega sýnd reglan sjónrænt til að minna þau á hvað þau geta gert til að takast á við veikleika í kennsluáæstæðum. Þessi leið gefur börnum aukið öryggi og möguleika á betri sjálfstjórn þannig að þau geta tekið þátt í kennslustundum og tileinkað sér betur það nám sem fer fram í kennslustundinni. Gott er fyrir kennara að styðjast við gátlista um viðeigandi boðskipti (fylgiskjal 6).

5.3 Skipuleg vinnubrögð

TEACCH aðferðin (skipulögð kennsla/þjálfun) stendur fyrir Treatment and education of Autistic and related communication handicapped children eða á íslensku meðferð og kennsla einhverfra og annarra með skyldar boðskiptahamlanir. Markmið aðferðarinnar er að nemandi geti unnið eins sjálfstætt og mögulegt er. Aðferðin felur í sér mjög nákvæmt skipulag á tíma og verkefnavinnu sem stuðlar að því að nám verði auðveldara, einstaklingurinn verður sjálfstæðari við nám sitt og einnig dregur aðferðin úr hegðunarvandamálum. Einstaklingum með röskun á einhverfurófi líður betur í góðu sjónrænu skipulagi og þeir eru líklegri til að skilja og fylgja sjónrænum fyrirmælum fremur en munnlegum. Skipulagið felur í sér eftirfarandi þætti: Ferlið er sjónrænt og greinilegt, það hefur skýrt upphaf og endi, auðveldar yfirfærslu á námi, skapar endurtekningu og sjálfstæði við vinnu. Ytra skipulag þarf að vera skipulagt með þarfir einstaklingsins í huga, draga þarf úr hljóðrænum og sjónrænum áreitum og nota sjónrænar vísbendingar til að auðvelda skilning á því til hvers er ætlast í rýminu. Daglegt skipulag s.s. sjónrænar stundaskrár eru mjög mikilvægar þar sem þær draga úr kvíða og óöryggi og gefa einstaklingnum upplýsingar um hvað hann á að gera, hvenær, hvar og með hverjum. Sjónrænar leiðbeiningar einfalda nám, breytingar, yfirfærslu og draga úr heyrnrænu áreiti. Verkefnin verða skýr og skipulögð, beina athyglinni að mikilvægu atriði þ.e. því sem skiptir máli og dregur úr þörf á nálægð kennara.

Verkefni nemandans eru tilbúin í kórflu eða bakka og vinnur nemandi eitt verkefni í einu og tekur svo næsta verkefni við þegar því er lokið. Það er skýrt strax frá upphafi hve mörg verkefni nemandi skal vinna, hvenær hann má taka pásu og hvað gerist þegar hann hefur lokið við öll verkefnin. Gæta þarf þess að verkefnin séu við hæfi einstaklingsins. Úthald einstaklingsins eykst smám saman svo og sjálfstæði og má þá auka kröfurnar með því að bæta við verkefnum (Fjóla Þorvaldsdóttir, 2020).

5.4 Hljóðaaðferð

Aðferðin felur í sér að unnið er með þá undirstöðuþætti læsis sem nemendur þurfa að tileinka sér til að ná góðum tókum á tæknilegri hlið lesturs/lesfimi. Nemendur læra að bókstafirnir tákni hljóð orðanna í talmálinu. Þeir læra heiti bókstafanna, hljóð þeirra og hvernig hljóðin tengjast saman í orð. Áhersla er lögð á að börnin dragi rétt til stafs og þekki bæði litlu og stóru bókstafina. Með hljóðaaðferðinni eflist sjónrænn orðaforði og lesfimi sem er undirstaða þess að nemendur geti einbeitt sér að innihaldi texta.

„Nemendur geta fljótlega farið að lesa stutt orð og einfalda texta sem innihalda þá stafi sem þeir eru búnir að læra. Nemandinn segir hljóð stafanna í orðunum með því að hljóða sig gegnum orðin. Þetta kallast að umskrá orðið, en það felst í því að nemandinn verður að geta sundurgreint öll hljóðin í orðinu til þess að greina hljóm orðsins, og heyrt hvaða orð hann er að lesa. (Dæmi: sólin s-ó-l-i-n (sundurgreining) = sólin (samtening). Lögð er áhersla á að lesa stutta, einfalda, merkingarbæra texta sem stigþyngjast eftir því sem nemendur þjálfast í lestrinum. Þannig verða orðin smám saman erfiðari í umskráningu og innihald textans stöðugt flóknara, þannig að meira reynir á lesskilning“ (Steinunn Torfadóttir, o.fl, 2020).



5.5 K-PALS

Í K-PALS er beitt beinni og kerfisbundinni hljóðaaðferð ásamt samvinnunámsaðferðum til að efla hljóðkerfisvitund, hljóðabekkingu og umskráningarfærni 5 til 6 ára barna. Nemendur sem eiga erfitt með lestur eru oft með slaka hljóðavitund og þurfa því markvissa þjálfun í hljóðum stafa- og orðabekkingu. Nemendur vinna saman í pörum og er þeim raðað saman eftir mismunandi getu. Unnið er með K-PALS þrisvar í viku, í 20 mínútur í senn. Verkefni sem fylgja K-PALS miða við 70 kennslustundir. Kennslustundir byrja ávallt á hljóðaleik og eftir það eru umskráningarverkefni unnin. Í hljóðaleikjaverkefnum eru nemendur að greina hljóð, rím, samtengingu og sundurgreiningu. Unnið er með sömu hljóð og nemendur eru að læra á hverjum tíma. Mikil endurtekning er í verkefnum sem stuðlar að aukinni sjálfvirkni í að þekkja og tengja hljóðin við bókstafina. Nemendum er kennt að þekkja algengar orðmyndir og æfa sig í að umskrá einföld orð sem eru sett saman úr hljóðum sem þegar hafa verið æfð. Í síðari hluta verkefnanna æfa nemendur sig að lesa heilar setningar sem innihalda þau orð sem þeir hafa þegar æft sig í að umskrá og sjónorð sem þeir eru búnir að læra. Nemendur fá umbun og endurgjöf fyrir unnin verkefni í formi broskarla og stiga sem þeir safna á stigablað. Nemendur geta fengið aukastig fyrir að halda sig við efnið, vinna vel saman og nota réttar K-PALS aðferðir (Sonja Dröfn Helgadóttir, 2016).

5.6 PALS

Í PALS er áhersla lögð á þjálfun allra nemenda í lestri með jafningjamiðaðri nálgun. Líkt og í K-PALS vinna nemendur saman í pörum og aðstoða hvern annan við að bæta lesturinn eftir ákveðnu ferli. Þjálfun fer fram þrisvar í viku, 35-45 mínútur í senn og nota þörin stigakerfi sem hvatningu og gefa sér stig fyrir lesinn texta og verkefni. Hlutverk kennarans er að fylgjast með, grípa inn í og hvetja, þegar við á. PALS kennslustund skiptist í paralestur, endursögn, að draga saman efnisgreinar og forspá. Nemendur fá stig fyrir hverja lesna málsgrein og einnig fyrir endursögn. Nemendur geta einnig fengið bónusstig frá kennara ef þeim gengur vel. Í PALS kennslustundum fá nemendur góða lestrarþjálfun þar sem allir eru virkir allan tímann, nemendur fá leiðréttingu frá lestrarfélögum sínum jafnóðum og sama einfalda ferlið endurtekur sig stöðugt. PALS er hugsað sem viðbót við aðra kennslu, ekki til að koma í staðinn fyrir hana og því einvörðungu til að styrkja það starf sem fyrir er. Margra ára rannsóknir á PALS hafa sýnt að aðferðin skilar langflestum nemendum árangri og bætir lestrarstöðu þeirra, þ.e. umskráningu, lesfimi og lesskilning (Sonja Dröfn Helgadóttir, 2016).

5.7 Stigskipt kennsla

Stigskipt kennsla er kennsluskipulag sem er notað til að ná til allra nemenda. Stigskipta kennsluskipulagið felur í sér þróun kennsluhátta í fjölbreytilegum nemendahópum til að efla gæði kennslunnar. Þannig má smám saman fíkra sig áfram við að finna kennsluaðferðir og þróa kennsluhætti sem henta öllum nemendum, bæði þeim sem gengur vel og þeim sem eru lengur að fóta sig í náminu (Steinunn Torfadóttir, o.fl, 2011). Í Skarðshlíðarskóla er unnið með stigskipta kennsluhætti þar sem leitast er við að koma til móts við ólíkar og fjölbreyttar þarfir nemenda. Nemendum er skipt í hópa m.a. út frá niðurstöðum Lesskímunarprófs Lesferils fyrir 1. bekk og annarra skímunarprófa. Lögð er áhersla á kennslu í fámennum hópum til að mæta þörfum allra nemenda á markvissan hátt. Skipulag kennslunnar byggir á niðurstöðum prófanna. Áhersla er lögð á undirstöðupætti lestrarnáms; orðaforða, málskilning, hlustun, heyrnræna úrvinnslu, málfræði og setningaupbyggingu.

Á vorönn 2020 fór stigskipt kennsla þannig fram að í tveimur kennslulotum á viku, fjórum kennslustundum, var unnið í hringekju þar sem hver hópur fór á milli þriggja mismunandi stöðva og var unnið á hverri stöð í u.þ.b. 20 mínútur. Helmingur nemenda í hverjum hópi vann sjálfstætt ýmis þjálfunarverkefni við hæfi á meðan hinn helmingurinn var í kennarastýrðum verkefnum. Í næstu hringekjuvinnu var svo skipt um hlutverk. Í þessu verkefni kom sérkennari inn í bekk og einnig var stuðningsfulltrúi nýttur til að stýra einni stöðinni. Kennslan fór þannig fram að í byrjun hvernar viku var innlögn á nýjum bókstaf sem fól í sér að heiti hans var kynnt, hljóðið borið fram og sýnt hvernig á að draga til stafsins. Kynnt var til sögunnar nýtt sjónorð og farið yfir hugtökin bókstafur, orð og setning. Með stafainnlögn var farið yfir fyrirmyndarsetningu en hún byrjar á stórum staf, bil er á milli orða, hún endar á punkt og sérnöfn byrja á stórum staf. Í hringekju voru eins og áður sagði sex mismunandi stöðvar sem nemendur fóru á milli. Á stöðvunum voru ýmsar þjálfunaræfingar sem reyndu á mismunandi þætti eins og stafabjálfun, lestur, hljóðgreiningu og ritun, orðaforða og málskilning, hlustun, málfræði- og setningaruppbyggingu. Á stafabjálfunar- og lestrarstöðvunum voru verkefni á þremur þyngdarstigum eftir lestrarfærni nemenda.

5.8 Hugmyndir að verkefnum í hringekjuvinnu

Regnbogaritun var eitt af verkefnum í hringekju en aðferðin hentar vel með yngstu nemendum. Til verkefnisins þarf tunguspaða í 6 litum þar sem gulur táknar aðalpersónu, rauður táknar aukapersónu, grænn táknar umhverfi, blár táknar atburð, fjólublár táknar hlut og appelsínugulur táknar tilfinningar/hugsun. Nemendur draga spaða úr krukku og skrifa inn í stílabók það sem stendur á þeim. Að lokum skrifa þau sögu þar sem orðin koma fyrir. Aðferðinni eru gerð góð skil á vef Miðju máls og læsis.

Elkonin verkefni þjálfar nemendur í að sundurgreina hljóð/bókstafi í orði og tengja þau saman (Steinunn Torfadóttir o.fl., 2011). Tökum sem dæmi orðið mús. Verkefnið sýnir mynd af mús og fyrir neðan eru þrjú reitir. Einn reitur er fyrir hvert hljóð orðsins og nemendur sundurgreina hljóðið og skrifa réttan bókstaf í viðeigandi reit. Nánar má lesa um aðferðina í Handbók Leið til læsis sem er að finna á vef Menntamálastofnunar.



--	--	--

1.stöð Stafabekking/ Hljóðkerfis- og hljóðavitund	Lestrarstöð	2.stöð Hljóðgr./ritun	Orðafordí/málsk.	3.stöð Hlustun/heyrnr. Fyrirmæli/frásögn	Málfræði/ setningauppb.
Úrklippubók (æfa stafdrátt, orð vikunnar, fyrirmyndarsetningu)	Paralestur úr Lestrarlandi eða léttlestrarbókum	Verkefni úr listin að lesa og skrifa	Orðasjóður	Ljóðu mér eyra	Leggðu við hlustir
Föndra stafi pipuhreinsir/leira/mála	K-pals æfingar	Sóknarskrift	Hvað vantar á myndina stökkur	Leggðu við hlustir	Fallorðaspilið
Stafabingó	Kórlestur	Lesi, skrifa og teikna	Erfiðar aðstæður stökkur	Tölum saman	Atburðarrás stökkur
Samstæðuspil með stafina	Punktalestur	Spilastokkar Ljóðu mér eyra	Litlu gátturnar stökkur	Memory palace spil	Using his, her and their
Rím	Yndislestur	Ritun algengra orða s.s. regnbogaritun	Hvað passar saman stökkur	Hlusta á sögur	Eintala og fleirtala Tveir stökkur
Skipta orðum í atkvæði	Lestur 100 algengustu orðanna	Lesi, skrifa og teikna	Endursegja sögur stökkur	Söguspil	Ef-þá stökkur
Finna fyrsta, síðasta, miðjuhljóð orðs	Lesskilningsverkefni með bókum	Verkefni úr Ljóðu mér eyra	Söguspil, stökkur	Orðagull ípad	Hvernig? stökkur
Hljóðtenging	Para saman orð og mynd	Verkefni úr Tölum saman	Af hverju spurningar, stökkur		Af hverju? stökkur

5.9 Lesskilningsaðferðir

Gagnvirkur lestur felur í sér þjálfun fjögurra þátta sem oftast fer fram í hópum. Þar eru nemendur æfðir í að:

- Taka saman meginatriði efnisins
- Spyrja spurninga um hugmyndir og efni textans
- Leita skýringa þegar skilning brestur eða eitthvað er óljóst
- Spá fyrir um framhald texta

Aðferðin er gagnreynd, hún byggir á faglegum menntarannsóknnum sem sýnt hefur verið fram á að skili árangri. Guðmundur Engilbertsson lýsir aðferðinni á eftirfarandi hátt: „Í gagnvirkum lestri er lögð áhersla á lestrarlag sem beinir huga lesandans að efninu og sjálfum sér, fær hann til að tengja efnið fyrri þekkingu sinni og beita ályktunarfærni sinni, lesa milli lína, gæta vel að því sem er óljóst og spyrja sig spurninga um efnið og eigin skilning. Aðferðina er hægt að nota sem ferli en jafnframt má leggja áherslu á staka þætti hennar, að taka saman meginefni, spyrja sig spurninga, leita útskýringa á orðum, hugtökum og efni þegar það er óljóst og spá fyrir um framhaldið. Margar rannsóknir benda til þess að gagnvirkur lestur auki skilning nemenda á les- og námsefni (Guðmundur Engilbertsson, 2013)“.

Handbók um gagnvirkan lestur eftir Önnu Guðmundsdóttir (2007) er hægt að finna á vef Menntamálastofnunar https://vefir.mms.is/lesid_til_skilnings/lesidtilskilnings_klb.pdf

Vel hefur gengið að nota sjónrænar vísbendingar til að styðja við undirþætti gagnvirkis lesturs s.s. með lesskilningsþjálfun í gegnum hlutverkaleik.

- Spákona en hún spáir fyrir um hvað gerist næst
- Spæjari finnur orð sem honum finnst þarfnast skýringar
- Listamaður lýsir því sem hann sá fyrir sér í huganum þegar texti var lesinn
- Fréttamaður spyr spurninga úr textanum.
- Kúreki endursegir þann texta sem lesinn var



Kennarar sem nota aðferðina byrja margir á því að þjálfa eitt eða tvö hlutverk og bæta svo smátt og smátt fleirum við. Myndin hér að framan sýnir nemendur í 5. bekk sem eru að fá lesskilningsþjálfun í gegnum hlutverkaleik. Þeir eru að lesa saman í sömu bókinni og skiptast á að lesa og hafa klætt sig upp í það hlutverk sem hvert og eitt þeirra er að æfa sig í. Strákurinn með kúrekahattinn endursegir, sá sem er með alpahúfu, pensil og málningarpallettu er í hlutverki listamanns og stelpa með höfuðklútinn spáir fyrir um hvað gerist næst. Myndin er fengin að láni hjá Fræðsluskotum (Fræðsluskot, 2018) en þar er hægt að lesa sér til um aðferðina.

5.10 Gefðu 10

Einföld aðferð sem hefur þann tilgang að auka samræður og samskipti við börn sem eru að læra íslensku sem annað tungumál. Aðferðin hentar líka vel fyrir börn með málþroskafrávik. Lögð er áhersla á að kenna börnunum þann orðaforða sem þau eru að vinna með og tengist viðfangsefni sem þau eru að fást við hverju sinni. Þetta er gert með því að starfsfólk skólans gefur sig að viðkomandi barni og talar við það samtals í a.m.k. 10 mínútur á dag. Ekki er nauðsynlegt að um samfelldan tíma sé að ræða. Á þennan hátt fá börnin tækifæri til tjáningar og eflingar málþroska. Aðferðin leiðir til aukinna samskipta, námstækifæri verða fleiri og þátttaka nemendanna verður meiri (Fríða B. Jónsdóttir, 2019).

5.11 Ráðgjöf til foreldra – Hljóðkerfisvitund

Þegar börn eru með veikleika í hljóðkerfisvitund þarf markvissa innlögn og daglega þjálfun þar til nemendur hafa náð góðum tókum á viðkomandi færni. Áður en hafist er handa við þjálfun er mikilvægt að skoða nánar hvar veikleikar nemandans liggja og byggja upp kennsluáætlun í samræmi við það.

Rannsóknir hafa sýnt að stuttar daglegar þjálfunarlotur, jafnvel einungis í 5 - 15 mínútur á dag, skila betri árangri en 30 mínútna þjálfun tvisvar í viku (Tolman, 2005; Torgesen, 2005).

Þá hefur komið fram að bestur árangur næst ef hljóðkerfisþjálfunin inniheldur einnig vinnu með tengsl stafs og hljóðs (Hatcher, 2008; National Reading Panel, 2000).

Hér er því mikilvægt að ná góðu samstarfi við foreldra og miðla til þeirra hugmyndum um hvernig hægt er að efa hljóðkerfisvitundina heima í gegnum leik. Í skólanum hafa foreldrar barna með veikleika í hljóðkerfisvitund fengið fræðslu um hvert er eðli hljóðkerfisvitundar og mikilvægi hennar fyrir lestrarnám. Þá hafa þeir fengið hugmyndir að einföldum þjálfunarverkefnum sem auðvelt er að vinna með heima (sjá fylgiskjal 5).



Inga skólastjóri að tala við nemendur á sal

5.12 Tvítyngd/fjöiltyngd börn

Nemendur sem eru nýfluttir til landsins með annað móðurmál en íslensku og íslenskir nemendur sem búið hafa erlendis fá þjónustu í grunnskólum utan hefðbundinnar kennslu árgangs í samræmi við viðmið skrifstofu mennta- og lýðheilsusviðs (Lækurinn, 2020). Þessir nemendur fá kennslu og námsmat í íslensku sem öðru tungumáli fyrstu þrjú árin sem þeir eru í skólanum. Að þremur árum loknum er æskilegt að nemendur hafi náð góðum tókum á grunnorðaförða íslenskunnar. Ef þörf er á frekari stuðningi er metið hvernig honum skuli háttað.

Þegar tvítyngt/fjöiltyngt barn sem er fætt á Íslandi eða hefur verið búsett þar lengi sýnir frávik í málþroska vakna spurningar um hvort um málþroskafrávik sé að ræða, eða hvort barnið skorti ílag í íslensku. Til að geta skorið úr um hvort svo sé, er lagður gátlisti fyrir foreldra. Hann heitir: Spurningalisti fyrir foreldra barna sem eru að læra íslensku sem annað tungumál til að meta hvort að um málþroskaröskun sé að ræða (sjá fylgiskjal 1). Umsjónarkennari leggur listann fyrir foreldra en sérkennari og umsjónarkennarar vinna úr listanum þegar upplýsingar frá foreldrum liggja fyrir. Ef niðurstöður sýna að nemandann vantar ílag í íslensku fær nemandinn kennslu við hæfi. Sé hins vegar grunur um málþroskaröskun er málinu vísað til nánari athugunar hjá talmeinafræðingi.

Handbók um móttöku barna í grunnskóla með íslensku sem annað mál sem eru nýflutt til landsins

Á innri vef Hafnarfjarðarbæjar, innri.hafnarfjordur.is er að finna handbók um móttöku barna með annað tungumál en íslensku. Hverjum skóla fyrir sig er ætlað að útbúa sína eigin móttöku-áætlun og er hana að finna á sameiginlegu drifi skólans. Handbókina um móttöku barna með íslensku sem annað mál er að finna undir flipunum: Þjónusta - Mennta- og lýðheilsusvið - Grunnskólar. Handbókin nýtist einnig skólunum í starfi með nemendum með íslensku sem annað tungumál og íslenskum nemendum sem hafa búið lengi erlendis.

Móttökuvíðtal

Form fyrir móttökuvíðtal til nota í fyrsta foreldravíðtali vegna nemenda sem eru nýfluttir til landsins er að finna á sameiginlegu drifi skólans og á vefsvæðinu innri.hafnarfjordur.is undir flipunum: Þjónusta - Mennta- og lýðheilsusvið - Grunnskólar. Í víðtalinu er spurt um helstu bakgrunnsupplýsingum og má þar nefna símanúmer, netföng, heilsufar, bólusetningar o.fl. Nemandi getur ekki hafið nám í skólanum fyrr en gagnasöfnun úr þessu víðtali er lokið og því er mikilvægt að það fari fram eins fljótt og hægt er eftir að nemandi hefur verið skráður í skólann.

Stöðumat

Mat á stöðu nemenda er lagt fyrir nemendum sem eru nýkomnir til landsins. Markmiðið með matinu er að átta sig á bakgrunnsþekkingu nemenda og reynslu. Mat fljótt þekkingu nemandans sem nýtist skólanum sem grunnur að undirbúningi fyrir kennslu. Mat á þekkingu nemandans þarf að fara fram fljótlega, í síðasta lagi tveimur mánuðum eftir að tekið er á móti nemandanum í skólanum. Það er á ábyrgð skólastjóra að kennarar og annað starfsfólk þekki og fylgi framkvæmd stöðumatsins. Skólastjórinn þarf einnig að sjá til þess að nemendum bjóðist nám við hæfi í skólanum á meðan á stöðumatinu stendur. Lengd víðtals í stöðumati er áætlað að hámarki 70 mínútur með túlki. Víðtalið getur tekið mislangan tíma eftir aldri nemandans og eftir því hve kennarinn er vel að sér í efninu og hversu vanur túlkurinn er. Stöðumat á stigi 1 er eitt víðtal og á stigi 2 eru tvö víðtöl sem fara fram í sitt hvort skiptið. Víðtölin eru samtals þrjú og er áætlað að þau taki 3x70 mínútur.

Stöðumatið er framkvæmt með eftirfarandi hætti:

1. Innritunarvíðtal - samkvæmt móttökuáætlun.
Nemandi og foreldri saman í víðtali.
2. Stöðumat 1. stig – fyrri þekking og reynsla.
Eingöngu nemandi í víðtali. Hægt er að taka saman innritunarvíðtal og stöðumat 1. stig í sama víðtali.
3. Stöðumat 2. stig – læsi og talnaskilningur.
Eingöngu nemandi í víðtali.
4. Stöðumat 3. stig - kunnátta í faggreinum, íþróttum og sundi.
Eingöngu nemandi í víðtali. Ekki komið til framkvæmda (Skoleverket, e.d.).

Að stöðumatinu loknu hefja nemendur nám í íslensku sem öðru máli (ÍSAT) og tekur kennsla til allra málþáttanna. Kennslu í ÍSAT er skipt í fjögur stig að fyrirmynd Evrópska tungumálaramman, þau kallast; forstigi, byrjendur, lengra komnir og lengst komnir. Nemendur sem eru nýfluttir til landsins hefja nám annað hvort á forstigi eða sem byrjendur. Íslensk börn sem dvalið hafa í öðru landi og eru nýflutt aftur til landsins geta raðast á öll stig eftir kunnáttu þeirra í íslensku.

Forstigi er fyrir nemendur með litla sem enga þekkingu á íslensku tungumáli og eru illa læsir eða ólæsir, þekkja ekki latneskt stafróf og þurfa sérstaka þjálfun í íslenskum máhljóðum og að tengja þau við rittáknin. Þessir nemendur þurfa mikinn stuðning og markvissa lestrarkennslu. Áherslan á þessu stigi er á lestur og íslenskt hljóðkerfi. Efni sem hentar vel til kennslu á þessu stigi fyrir yngri nemendur er m.a. K-PALS, Lubbi finnur málbein, Ljáðu mér eyra, ýmis spil frá Super duper, Íslenski máhljóðakassinn, Orðasjóður og The Processing Program.

Byrjendur er fyrir nemendur sem teljast byrjendur í íslensku en eru læsir á sínu móðurmáli og þekkja latneskt letur. Áhersla er á grunnorðaförða, grunnþekkingu í íslenskri málfræði, einfaldar ritunaræfingar, mikinn lestur og hlustun auk markvissrar talþjálfunar í almennu, daglegu tali. Efni sem hentar vel til kennslu á þessu stigi fyrir yngri nemendur er m.a. K-PALS, Lubbi finnur málbein, Ljáðu mér eyra, Íslenski máhljóðakassinn, Orðasjóður, The Processing Program, Following auditory directions, ýmis spil frá Super duper, Orðagull og Tölum saman. Leikir og spil svo sem Tvenna og Alias.

Lengra komnir: Hér eru nemendur orðnir nokkuð færir í munnlegri tjáningu og hafa daglegan orðaförða nokkurn veginn á valdi sínu. Mikil orðaförðasöfnun á sér stað á þessu stigi og málfræðin þyngist smám saman. Kröfur um hæfni í rituðu máli aukast og áhersla er lögð á eflingu námsorðaförða.

Lengst komnir: Hér eru nemendur komnir með góðan grunn í tungumálinu og geta einbeitt sér að því að efla orðaförða og þróa færni sína í námstengdri málnotkun á öllum hæfnisviðum.

Málörvun ungra tví- eða fjöltyngdra barna: Bein þýðing á málþroskaprófum sem eru stöðluð á öðru tungumáli en móðurmáli barnsins gefur ekki rétta mynd af málþroska barnsins eitt og sér (Edwards, Letts og Sinka, 2011).

Það er þó hægt að nota ákveðin viðmið prófa til þess að skoða einstök atriði í málþroska barnsins út frá eðlilegum þrepum í málþroska, sem öll börn fara í gegnum, eins og að hlusta, sameina athygli, gera til skiptis, sýna táknrænan leik, tengslamyndun, orðaforði, málskilningur, setningamyndun og viðeigandi boðskipti. Hvert tungumál hefur þó sín sérkenni sem taka þarf tillit til í mati á málþroska. Það væri auðvitað æskilegt að hægt væri að meta málþroska barnsins á eigin tungumáli. Það er þó oft flókið, svo leita verður annarra leiða. Stundum er gott að taka málsýni og nýta sér túlk þegar verið er að skoða málþroska á öðru tungumáli en íslensku og fylgjast með barninu í daglegum aðstæðum.

Þegar ætlunin er að skoða málþroska barna sem eru með annað móðurmál en íslensku, með málþroskaþrófum sem eru stöðluð á öðru tungumáli en móðurmál barnsins, er mikilvægt að gera sér grein fyrir því hvort hlutir eða myndir sem notuð eru í prófinu séu viðurkennd út frá menningarlegu samhengi. Meta þarf hvort barnið hafi þann bakgrunn að það hafi tengsl við myndir, hluti og spurningar sem eru notaðar á prófinu. Ef um beina þýðingu er að ræða er mikilvægt að merkingin sé nákvæmlega hin sama og þýðingin ber með sér. Einnig þarf að gera ráð fyrir því að stundum er ekki hægt að lýsa mörgum hlutum með einu orði, þó að það sé hægt í stöðlunareintaki prófsins (Edwards, Letts og Sinka, 2011).

Að læra önnur tungumál veldur ekki málþroskaröskun. Engar rannsóknir hafa sýnt fram á að það að læra önnur tungumál valdi málþroskaröskun eða valdi seinkun í málþroska (Elín Þöll Þórðardóttir, 2004). Öll börn hafa gott af því að læra önnur tungumál, burtséð frá því hvaða fötlun eða heilkenni þau hafa. Það skiptir þó sköpum að góður grunnur sé lagður fyrir málþroska barnsins með því að rækta vel og nota móðurmál þess. Það þýðir ekki að barnið blandi ekki stundum saman fleiri en einu tungumáli þegar það tjáir sig. Slíkt er oft eðlilegur hluti af málkerfum barnsins (e. code switching).

Mikill misskilningur er í gangi við greiningu og málörvun ungra barna sem alast upp við tvítyngi eða fjöltyngi. Þau geta verið vangreind, þ.e.a.s. að öll vandamál barnsins séu útskýrð með því að barnið sé að læra annað tungumál. Það gleymist að börn eiga auðvelt með að læra önnur tungumál ef allt er með felldu. Einnig getur það gerst að barnið sé greint með málþroskafrávik, þó að vandinn sé aðallega í því fólgin að barnið þarf meiri tíma til þess að tileinka sér nýtt tungumál. Það er oft mikill vandi að greina hvort barn sem er að læra önnur tungumál sé með málþroskafrávik. Í túlkun niðurstaðna er mikilvægt að meta frammistöðu barns á þeim tungumálum sem það er að læra og ef mögulegt er að vera í góðri samvinnu við túlk sem talar móðurmál barnsins.

Bæta þarf hagnýtar rannsóknir sem stuðla að því að bæta aðferðir og mælingar á málþroska tví- og fjöltyngdra barna. Það hefur þó verið sýnt fram á að börn sem læra tvö mál samhliða frá því að þau eru mjög ung búi til tvö aðskilin málkerfi og að þau fari í gegnum sömu þætti í málþroska á hvoru tungumáli fyrir sig, þannig að þau læra ákveðin atriði tungumálsins í sömu röð og eintyngd börn (Elín Þóll Þórðardóttir, 2004). Þessi vitneskja hjálpar okkur að meta málþroska barna sem tala fleiri en eitt tungumál. Við þurfum þó til viðbótar því að aðlaga hefðbundin málþroskaþróf að þörfum barnsins, að byggja á klínískri reynslu og þekkingu sem er hluti að því að nota gagnreyndar aðferðir. Það er mikilvægt að afla góðra bakgrunnsupplýsinga og einnig að nota gátlista, skrá niður orðaforða barnsins (þau orð sem barnið notar á þeim tungumálum sem það er að læra) og hvort það hafi möguleika á því að stunda tómstundir þar sem töluð er íslenska. Leggja þarf áherslu á að skapa möguleika fyrir börn sem eru að læra íslensku til þess að umgangast íslensk börn fyrir utan leikskóla með áherslu á það að fá fleiri tækifæri til þess að ná góðum tókum á tungumálinu. Síðast en ekki síst þarf að athuga hvort barnið er fætt á Íslandi og einnig hversu lengi það hefur dvalist á landinu og hvort það hafi verið í íslenskum leikskóla. Það er líka mikilvægt að vita hvort móðurmál barnsins sé notað í samskiptum við það og að hvetja alla foreldra til þess að rækta móðurmál barnsins.

Það er ljóst að mikilvægt er að greina hvort barnið er með málþroskafrávik sem kemur þá fyrst fram í eigin tungumáli og endurspeglast í öðrum tungumálum sem barnið lærir. Síðan þarf að athuga hvort barnið elst upp við það að ekki sé lagður góður grunnur að málþroska á eigin tungumáli. Það getur gerst að blandað sé saman einfaldri íslensku, ensku og einstaka orðum úr móðurmálinu. Ef málumhverfi barnsins er gert mjög flókið getur það haft áhrif á málþroska. Það þarf þó í öllum samtölum við foreldra frá mismunandi menningarheimum að gera sér grein fyrir því að viðhorf til fráviks er mjög mismunandi og í sumum löndum er allt önnur merking lögð í hugtakið að vera með frávik. Í mörgum vestrænum þjóðfélögum er meira verið að hugsa um það að finna frávik hjá barninu til þess að geta sett af stað markvissa íhlutun sem fyrst. Í öðrum löndum getur það að vera með frávik vakið upp mikla hræðslu og óöryggi, einfaldlega vegna þess að skóli án aðgreiningar er ekki jafnþekkt í þjóðfélaginu og á Íslandi. Börn með frávik eru jafnvel send á stofnun eða þau fá ekki sömu tækifæri til menntunar og önnur börn

Það sem skiptir öllu máli er að gera sér grein fyrir menningarmun og mismunandi túlkun á frávikum hjá mismunandi þjóðum. Einnig þarf að taka tillit til þess hvaða bakgrunnsorðaforða barnið ræður yfir og kynna fyrir barninu bakgrunnsorðaforða sem tengist íslensku. Í ljósi þessa er mikilvægt að leggja áherslu á það að útskýra ný hugtök fyrir barninu og vera viss um að barnið geri sér grein fyrir því til hvers sé ætlast af því. Það er ljóst að hvort sem barnið er með málþroskafrávik eða slaka færni í því að læra íslensku, þá er mikilvægt að veita viðeigandi íhlutun til þess að öll börn hafi jafna möguleika til náms á Íslandi.

Rannsóknir á börnum sem eru að læra fleiri en eitt tungumál sýna margar fram á sömu meginatriði:

- Að læra önnur tungumál veldur ekki málþroskafrávikum.
- Það er ekki nauðsynlegt að aðgreina tungumálin algerlega til þess að koma í veg fyrir rugling. Það skiptir mestu máli að tala móðurmál barnsins og leggja grunn að eðlilegri þróun í málþroska. Hins vegar er líka mikilvægt að læra tungumálið í því landi sem að barnið kemur til með að búa í. Þetta á sérstaklega við um orðaforða sem er notaður í skólaumhverfi barnsins.
- Að læra tvö tungumál tekur lengri tíma en að læra eitt. Það geta þ.a.l. komið fram frávik í málþroska þegar barnið er prófað eingöngu á einu tungumáli.
- Ein leið til þess að meta óformlega grunnorðaforða barns á móðurmálinu er með aðstoð túlks. Magn og gæði hvað varðar samskipti, íhlutun og notkun í báðum tungumálum hefur áhrif á málþroska.
- Aðaláhbyggjur af mati á málþroska hjá börnum er hættan á því að vanmeta málþroskafrávik sem koma fram á báðum tungumálum og útskýra hann alfarið út frá því að barnið sé að læra önnur tungumál. Hins vegar er líka hættan á því að gera ráð fyrir að barnið sé með málþroskavandamál, þegar að orsökina er að barnið hefur ekki fengið næg tækifæri til þess að tileinka sér tungumálið í því landi sem það býr.

Almenn atriði í málþroska sem börn ganga í gegnum eru:

- Barnið er að uppgötva málið (frá fæðingu til átta mánaða)
- Barnið getur skipst á boðum (átta til 13 mánaða)
- Barnið byrjar að segja fyrstu orðin (12 til 18 mánaða)
- Barnið getur sett saman orð (18 mánaða til tveggja ára)
- Barnið notar einfalda setningamyndun (tveggja til þriggja ára)
- Barnið notar flóknari setningamyndun (þriggja til fimm ára)

Ef að barnið fylgir ekki ofangreindum þrepum í málþroska er líklegt að það sé með málþroskafrávik sem endurspeglast bæði í móðurmáli og öðrum tungumálum sem barnið lærir.

Sjá einnig heimasíðu HTÍ www.hti.is og www.hanen.org

6

PRÓF OG SKIMANIR

6.1 Próf og skimanir sem snúa að málþroska og læsi í leikskóla og á heilsugæslu

Markmið með prófunum í leik- og grunnskólum er að skoða stöðu nemandans í þeim tilgangi að veita kennslu við hæfi hvers og eins. Þetta á við hvort heldur um er að ræða nemendur sem glíma við námserfiðleika eða framúrskarandi nemendur. Það er mikilvægt að skoða vel niðurstöður og úrræði sem hafa verið notuð í leikskólanum til að byggja áfram upp heildastæða kennslu sem heldur áfram í fyrstu bekkjum grunnskóla.

Í bókinni Snemmtæk íhlutun í málörvun tveggja til þriggja ára barna fylgja hjálpargögn sem kallast Bjargir. Bjargirnar eru ætlaðar leikskólastarfsfólki og aðstandendum til að meta óformlega stöðu ungra barna og veita markvissa íhlutun. Bjargirnar eru aðgengilegar á hleknum <http://www.malorvun.wordpress.com/> (Ásthildur Bj. Snorradóttir o.fl., 2014).

Smábarnalistinn er staðlaður íslenskur þroskalisti fyrir börn á aldrinum 15 til 38 mánaða. Listinn samanstendur af fimm undirprófum sem eru: grófhreyfingar, fínhreyfingar, sjálfsbjörg, hlustun og tal. Undirprófin fimm skiptast svo í tvo prófþætti sem eru hreyfiþáttur og málþáttur. Þroskatala listans samanstendur af fimm undirprófum og er samantekt á heildarþroska barnsins. Þeir sem nota Smábarnalistann þurfa að fara á réttindanámskeið til þess að fá leyfi til þess að nota listann (Einar Guðmundsson og Sigurður J. Grétarsson, 2005).

Orðaskil er málþroskapróf sem byggir á orðaforðagátlista fyrir börn á aldrinum 18 til 36 mánaða, ásamt því að meta setningagerð. Prófið metur orðaforða barna og hvort þau hafi náð valdi á beygingarkerfi og setningagerð málsins. Aldursviðmið fylgja prófinu. Með því að skoða og bera saman aldursviðmiðin er hægt að sjá hvort orðaforði og setningagerð barnanna mælist innan eðlilegra marka miðað við jafnaldra (Elín Þöll Þórðardóttir, 1998).

TRAS (n.Tidlig registrering af sprákuþvikling) er skráning á málþroska tveggja til fimm ára barna. Skráningin er gerð af starfsfólki leikskólanna sem eru með tilskilin réttindi til að nota skráningarlistann og fylgjast með máltöku og þróun málþroska barnanna. Listinn er upprunalega kominn frá norskum sérfræðingum og notkun hans er núna orðin nokkuð útbreidd á Norðurlöndunum. TRAS er óformleg athugun í aðstæðum, en ekki próf eða skimun. Með TRAS skráningarlistanum er hægt að skoða barnið út frá átta færnisviðum sem eru: Samleikur/félagsfærni, tjáskipti/samskipti, athygli/einbeiting, málskilningur, málvitund, framburður, orðaforði og setningamyndun (Björk Alfreðsdóttir, Hólmfríður Árnadóttir, Hrafnhildur Karlsdóttir, Ingibjörg Símonardóttir og Margrét Tryggvadóttir, 2013).

EFI-2 er málþroskaskimun sem notuð er til að finna börn með frávík í málskilningi og mál-tjáningu. Skimunin er notuð fyrir börn á fjórða aldursári. Kennarar þurfa að fara á réttindanámskeið til þess að mega leggja skimunina fyrir (Elmar Þórðarson, Friðrik Rúnar Guðmundsson og Ingibjörg Símonardóttir, 2012).

HLJÓM-2 er próf í leikjaformi sem lagt er fyrir elstu börnin í leikskólum. Prófið metur hljóð- og málvitund barna í elsta árgangi leikskólans í því skyni að finna þau börn sem eru í áhættu fyrir lestrarerfiðleika (Ingibjörg Símonardóttir, Jóhanna Einarsdóttir og Amalía Björnsdóttir, 2002).

Íslenski máhljóðamælirinn er skimunarforrit í spjaldtölvu sem metur framburð íslensku máhljóðanna og helstu hljóðkerfisþætti. Forritið er hannað fyrir fagaðila til að forprófa börn á leik- og grunnskólaaldri. Í lok skimunar verður sjálfkrafa til samantekt sem greinir frá stöðu barnsins miðað við jafnaldra (Bryndís Guðmundsdóttir, 2013).

Íslenski þroskalistinn er þroskalisti sem er staðlaður á íslensku. Með listanum er hægt að meta þroska þriggja til sex ára barna. Listinn samanstendur af sex undirprófum. Undirpróf listans eru: grófhreyfingar, fínhreyfingar, sjálfsbjörg, hlustun, tal og nám. Undirprófin sex skiptast svo á tvo prófþætti sem eru hreyfiþáttur og málþáttur. Undirprófin mynda saman heildarþroskatölu barnsins (Einar Guðmundsson og Sigurður J. Grétarsson, 1997).

Gerd Strand er listi sem byggist á huglægu mati á færni leikskólabarna. Matið byggir á sérfræðipækkingu þess sem framkvæmir matið. Þættir sem eru metnir eru; gróf- og fínhreyfingar, hegðun, mál og tal, virkni, samskipti og þekking (Strand, 2005).

AEPS-matskerfið (e. Assessment, Evaluation, Programming System for Infants and Children) er hagnýtt matskerfi sem nýtist við gerð einstaklingsnámskrár fyrir börn frá fæðingu til 6 ára aldurs. Með matskerfinu fylgir sérstakur matslisti sem foreldrar fylla út til að sjá hversu mikilli færni barnið hefur náð eða ekki náð. AEPS-matskerfið er notað til að meta færni barnanna á sex þroskaviðum: fín- og grófhreyfingum, vitrænum þáttum, aðlögun, félagslegum tjáskiptum og félagslegu samspili (Aðalheiður Una Narfadóttir, Atli Freyr Magnússon, Helga Kristinsdóttir og Þórunna Halldórsdóttir, 2015).

Skimanir sem boðið er upp á, á heilsugæslustöðvum fyrir börn á leikskólaaldri eru gerðar í 18 mánaða skoðun, 2½ árs skoðun og 4ra ára skoðun. Þær skimanir sem lagðar eru fyrir í ung- og smábarnavernd heilsugæslunnar eru þroskaskimunin Brigance og spurningalisti fyrir foreldra sem heitir PEDS.

Brigance er stöðluð þroskaskimun sem lögð er fyrir í 2½ árs og 4ra ára gömul börn. Brigance þroskaskimun nær til margra þroskaþátta þar með talið fín- og grófhreyfinga, almennrar þekkingar, máls, skólafærni og beitingar skriffæris. Notuð er styttri útgáfa fyrir öll börn í ung- og smábarnavernd nema í undantekningatilfellum (Brigance, 2008).

PEDS (Parents Evaluation of Developmental Status) er spurningalisti sem er lagður fyrir foreldra við 18 mánaða, 2½ árs og 4ra ára skoðun í ung- og smábarnavernd heilsugæslunnar. PEDS inniheldur tíu athugasemdir/spurningar um hegðun og þroska barna þar sem foreldrar eiga að merkja við og telja upp ef þeir hafa áhyggjur af námsgetu, þroska og/eða hegðun barnsins (Glascoe, 2006).

Það er mikilvægt þegar barn færast milli skólastiga að farið sé yfir niðurstöður athuguna, skimuna og greininga sem hafa verið gerðar í leikskólanum og einnig að skoða hvaða íhlutun hefur átt sér stað í kjölfarið. Þá þarf að meta vel hver staða nemandans er við byrjun grunnskólagöngu varðandi málþroska og undirbúning fyrir lestur til þess að mæta kennslufræðilegum þörfum allra nemanda í byrjun fyrsta bekkjar.

6.2 Próf og skimanir í grunnskólum

Gátlisti Lesferils fyrir börn í 1. bekk grunnskóla. Gátlistinn inniheldur bakgrunnsupplýsingar vegna málþroska og lestrarnáms. Á listanum er einnig gert ráð fyrir að gerð sé grein fyrir þeim greiningum sem barnið hefur farið í á leikskólaaldri, foreldrar fylla út listann í upphafi 1. bekkjar (fylgiskjal 2). Kennarar geta skoðað niðurstöður út frá því hversu marga þætti foreldri merkir við sem gætu bent til undirliggjandi vanda um lestrarerfiðleika. Með því að skoða vel Gátlista Lesferils ásamt því að fara vel yfir bakgrunnsupplýsingar og prófanir frá leikskóla er auðveldara fyrir kennara að mæta mismunandi einstaklingsmiðuðum þörfum barna í fyrsta bekk hvað varðar málþroska og lestur.

Lesferill - Lesskimun fyrir 1. bekk grunnskóla. Markmið með skimuninni er að bera kennsl á þá nemendur sem eru í áhættuhópi hvað varðar lestrarerfiðleika. Skimunin felur í sér einstaklingsmiðaða athugun á undirstöðufærni nemenda í lestri. Skimunin er lögð fyrir í október. Prófbættirnir eru:

- Málþroski sem samanstendur af skilningi á setningum og hugtakaskilningi.
- Hljóðkerfisvitund sem samanstendur af að greina rím, greina hljóð í orðum, hljóðtengingu og hljóðeyðingu.
- Bókstafir/hljóð sem samanstendur af stafapekkingu og að geta tengt bókstaf við mynd.

Niðurstöður úr Lesskimunarprófinu birtast sem:

- Áhætta 1: Nemendur á bilinu frá 1.- 12. hundraðsröð
- Áhætta 2: Nemendur á bilinu frá 13.-22. hundraðsröð
- Óvissa: Nemendur á bilinu frá 23.-32. hundraðsröð
- Utan áhættu: Nemendur í 33. hundraðsröð og ofar

Ef nemendur koma út í áhættuhópi 1 eða 2 þarf að greina vandann nánar með tilheyrandi mælitækjum. Ef um er að ræða frávik á málþroskahluta skimunarinnar þá er æskilegt að vísa nemanda í málþroskapróf hjá talmeinafræðingi. Ef hljóðkerfisvitundarhluti kemur illa út þá er æskilegt að fram fari nánari greining á hljóðkerfisvitund og framburði eftir þörfum. Ef veikleiki kemur í ljós í prófhlutanum, bókstafir og hljóð, þá þarf að fara fram nánari greining á bókstafabekkingu og hljóðum bókstafanna.

Niðurstöður úr skimunarprófinu, ásamt niðurstöðum gátlista, eru hafðar til hliðsjónar þegar nemendum er skipt í námshópa í íslensku/málörvun þar sem unnið er eftir stigskiptri kennslu. Hins vegar er alltaf lögð áhersla á að skoða vel bakgrunnsupplýsingar sem fylgja nemendum frá leikskóla til grunnskóla og niðurstöður úr matstækjum sem hafa verið notuð í leikskólanum.

Það er mikilvægt að stefna á gagnvirkt upplýsingastreymi á milli leik- og grunnskóla varðandi niðurstöður úr Skimunarprófinu fyrir 1. bekk. Það er hægt að styrkja enn frekar með því að skila niðurstöðum úr Skimunarprófinu til leikskólans þar sem prófþættirnir í skimuninni sýna vel hvernig til hefur tekist með að vinna með ákveðna þætti í leikskólanum sem tengjast málþroska og undirbúningi fyrir lestur. Markmiðið er að leikskólinn fái verkfæri til að meta árangur af sinni vinnu og geti unnið enn markvissara að því að efla málþroska og læsi.

Lesfímipróf Lesferils fyrir 1.- 10. bekk. Lesfímiprófin eru alls 10, eitt fyrir hvern árgang. Þau eru lögð fyrir í september, janúar og maí. Lesfímipróf eru ekki lögð fyrir nemendum í 1. bekk í september, nema þá nemendur sem byrjaðir eru að lesa við upphaf skólagöngu. Prófunum er ætlað að meta stöðu nemenda í nákvæmum raddlestri og framfarir þeirra innan árs og milli ára.


Lesfimiðmið Menntamálastofnunar

Viðmið 1: Stefnt er að því að 90% nemenda nái að lágmarki að lesa tilgreindan orðafjölda á mínútu að vori.

Viðmið 2: Stefnt er að því að 50% nemenda nái að lágmarki að lesa tilgreindan orðafjölda á mínútu að vori.

Viðmið 3: Stefnt er að því að 25% nemenda nái að lágmarki að lesa tilgreindan orðafjölda á mínútu að vori.

Lesfimiðmið Menntamálastofnunar



Aldur nemenda	90% viðmið	50% viðmið	25% viðmið
1.bekkur	20	55	75
2.bekkur	40	85	100
3.bekkur	55	100	120
4.bekkur	80	120	145
5.bekkur	90	140	160
6.bekkur	105	155	175
7.bekkur	120	165	190
8.bekkur	130	180	210
9.bekkur	140	180	210
10.bekkur	145	180	210

Stuðningspróf Lesferils

Stuðningsprófin eru stöðupróf fyrir grunnskóla þar sem staða nemandans miðað við jafnaldra er metin og einnig er hægt að sjá framfarir hvers og eins milli mælinga. Stuðningsprófin eru tvö: Sjónrænn orðaforði og orðleysulestur. Þau eru lögð fyrir eftir þörfum til að skoða nánar hvernig lestrarfærni nemandans er háttað, hvar styrkleikar og hugsanlegir veikleikar liggja.

Lesskilningsprófið Orðarún

Prófið er staðlað fyrir nemendur í 3.-8. bekk. Tvö próf eru fyrir hvern árgang og eru þau lögð fyrir í janúar (próf 1) og maí (próf 2). Hvert próf samanstendur af tveimur textum og fylgja tíu fjölvalsspurningar eða fullyrðingar hvorum texta. Prófspurningar reyna í grófum dráttum á ferns konar færni:

- Að greina staðreyndir sem koma fram í texta, orðréttar eða umorðarðar
- Að draga ályktanir af því sem ekki er sagt berum orðum í texta
- Að átta sig á meginefni texta
- Að útskýra orð og orðasambönd

Prófinu er ætlað að vera leiðbeinandi um næstu skref í námi nemenda og geta kennarar notað niðurstöður maíprófs fyrra árs við skipulagningu kennslu að hausti (t.d. niðurstöður úr maí í 3. bekk notaðar að hausti í 4. bekk).

LOGOS skimun í 3. 6. og 8. bekk

Markmið með LOGOS skimuninni er að finna þá nemendur sem eru með ógreindan lestrarvanda. Skimunin er lögð fyrir í janúar/febrúar í 3. bekk. Sérkennarar skólans fara yfir niðurstöðurnar og meta hvort vandi nemenda stafi af þjálfunarleysi eða hvort veikleikar komi fram á grunnþáttum sem kalli á nákvæmari lestrargreiningu.

Við LOGOS-skimanir er notast við tvo prófhluta leshraða og lesskilning. Nemendur með niðurstöður undir 30. hundraðsröð í leshraða eru jafnframt prófaðir í prófþáttunum lestur með hljóðaaðferð (kannað hvort nemendur geti lesið orðleysur) og lestur út frá rithætti (kannað hvort nemendur þekkja orðmyndir algengra orða).

Viðmið um hverjir fara EKKI í LOGOS-skimun í 3. bekk: Nemendur með dyslexíugreiningu og nemendur sem hafa náð lesfimi viðmiði 2 (50% viðmiði) í 3. bekk í september á sama skólaári.

Viðmið um hverjir fara EKKI í LOGOS-skimun í 6 bekk: Nemendur með dyslexíugreiningu og nemendur sem hafa náð lesviðmiði 2 í september á sama skólaári.

Viðmið um hverjir fara EKKI í LOGOS-skimun í 8 bekk: Nemendur með dyslexíugreiningu og nemendur sem hafa náð lesviðmiði 2 í janúar á sama skólaári.

7

MÁLÖRVUNAREFNI OG FLOKKUN EFTIR MÁLÞÁTTUM

Þegar skólinn tók til starfa var málörvunarefni keypt í samvinnu við Ásthildi Bj. Snorradóttur, talmeinafræðing og flokkað eftir málþáttum.

Málfræði/setningaupbygging

Skilgreining

Málfræði er samansafn af reglum sem einkenna hefðbundna málnotkun. Miðtaugakerfið býr yfir þessum upplýsingum og þær eru notaðar til þess að mynda setningar. Setningaupbygging byggir síðan á málfræðireglum sem segja til um hvernig orð eiga að raðast upp í setningar (Ásthildur Bj. Snorradóttir og Bjartey Sigurðardóttir, 2018).

Frásögn

Skilgreining

Að segja frá byggir á hæfileikanum til þess að lýsa aðstæðum og hlutum á rökréttan hátt. Einnig að geta sagt frá í réttri atburðarrás og tímaröð frá upphafi til enda (Ásthildur Bj. Snorradóttir og Bjartey Sigurðardóttir, 2018).

Heyrnær úrvinnsla/hlustun

Skilgreining

Heyrnær úrvinnsla er hæfileikinn til að bera saman heyrnær áreiti við almenna þekkingu einstaklingsins og málvitund. Hún tengist líffræðilegu samspili á því hvernig heilinn vinnur úr mismunandi áreitum sem berast til hans gegnum eyrun. Hlustun byggir á því að geta staldrað við hlustað eftir og túlkað málhljóð (Ásthildur Bj. Snorradóttir og Bjartey Sigurðardóttir, 2018).

Viðeigandi boðskipti

Skilgreining

Viðeigandi boðskipti byggja á meðvitund um hvernig málið er notað á mismunandi hátt við mismunandi aðstæður. Hér er t.d. um að ræða viðeigandi boðskipti tengd kurteisi, samskiptum og líkamstjáningu (Ásthildur Bj. Snorradóttir og Bjartey Sigurðardóttir, 2018).

Orðaforði og málskilningur

Skilgreining


Orðaforði eru orð sem notuð eru í tungumálinu til þess að sýna hugtakaþekkingu. Orðaforði þróast fyrst út frá barninu sjálfu. Málskilningur byggir síðan á skilningi á orðum, setningum og talmáli. Einnig skilningi á töludum og rituðum texta. Málskilningur er forsenda lesskilnings (Ásthildur Bj. Snorradóttir og Bjartey Sigurðardóttir, 2018).

Hljóðkerfi og framburður


Skilgreining

Hljóðkerfi er undirstaða fyrir máhljóð viðkomandi tungumáls og reglur um hvernig þau tengjast. Hljóðkerfið er undirstaða fyrir umskráningu, hljóðkerfisvitund, sjónrænan orðaforða, framburð og leshraða. Framburður byggir á hreyfingum talfæra og hvernig orð eru borin fram í töluðu máli (Ásthildur Bj. Snorradóttir og Bjartey Sigurðardóttir, 2018).


Flokkun á málörvunarefni



Málfræði/setningauppbýgging



Frásögn




Heyrnær úrvinnsla og hlustun



Viðeigandi boðskipti



Orðaforði og málskilingur



Hljóðkerfi og framburður

Listi yfir málörvunarefni í Skarðshlíðarskóla

Tölum saman: höfundar eru Ásthildur Bj. Snorradóttir og Bjartey Sigurðardóttir (2018). Tölum saman er málörvunarkerfi sem ætlað er elstu nemendum leikskóla og yngstu nemendum grunnskóla. Málörvunarkerfið býður upp á að unnið sé með mismunandi þætti málþroska svo sem heyrnræna úrvinnslu, heyrnarminni, orðaforða, rétta notkun á málfræðireglum, setningaupbyggingu, boðskipti og hljóðkerfisvitund.

Ellefu kaflar í eru bókinni og í hverjum kafla eru skilgreiningar á verkefnum, markmið þeirra og lýsing á því hvernig best sé að vinna efnið. Bókin var sérstaklega hugsuð fyrir börn með málþroskafrávik og tví- eða fjöltyngd börn en hentar þó vel fyrir öll börn.

Orðagull: Miðar að því að styrkja orðaforða, vinnsluminni, heyrnræna úrvinnslu og máltjáningu. Útgefið sem bók (2017) og smáforrit (2016) höfundar Ásthildur Bj. Snorradóttir og Bjartey Sigurðardóttir. Handbókin og forritið þjálfar bæði heyrnræn fyrirmæli og úrvinnslu þeirra, orðaforða, málskilning, vinnsluminni og endursögn.

Lubbi finnur málbein: Málörvun og hljóðanáam eftir Eyrúnu Ísfold Gísladóttur og Þóru Másdóttur (2009). Þjálfun á bókstöfum og hljóðum. Efnið er ætlað til málörvunar og hljóðnáms sem eflir hljóðkerfisvitund. Námsefnið byggist á fjölbættri skynjun með því að samþætta heyrnar-, sjón-, snerti- og hreyfiskyn. Þannig kynnast börnin hljóðum og nöfnum bókstafa með því að blanda saman sögum, myndum, hljóðum og hreyfitáknum.

Leggðu við hlustir: Þjálfun hljóðkerfisvitundar og hlustunar. Höfundar eru J.H. Jeffries og R.D. Jeffries. Þýtt og staðfært af Arnheiði Borg, Áslaugu Hartmannsdóttur, Eiríki Ellertssyni og Ingibjörgu Símonardóttur (2003). Bókin er safn verkefna sem þjálfar mál- og hljóðkerfisvitund barna. Bókin er í 6 köflum þar sem unnið er með heyrnræna greiningu, heyrnrænt minni, heyrnræna skynjun, heyrnræn tengsl, heyrnræna samtengingu og sundurgreiningu og heyrnrænan skilning.

Ljáðu mér eyra undirbúningur fyrir lestur: Þjálfar hljóðkerfisvitund. Höfundar eru Ásthildur Bj. Snorradóttir og Valdís B. Guðjónsdóttir (2015). Ljáðu mér eyra - undirbúningur fyrir lestur, er námsefni til að styrkja hljóðkerfisvitund sem er mikilvæg undirstaða lesturs. Efnið er í formi verkefnabókar með geisladisk og sjö spilastokka. Í bókinni eru góðar leiðbeiningar um hvernig eigi að leysa hvert verkefni fyrir sig. Í hverjum kafla eru nokkur verkefni þar sem unnið með einn af undirþáttum hljóðkerfisvitundar. Undirþættirnir eru eftirfarandi: 1) sundurgreining, 2) hljóðgreining, 3) hljóðtenging, 4) hljóðflokkun, 5) orðhlutaeyðing og 7) rím. Einnig er kynning á bókstöfum í bókinni svo að börn geti lært að átta sig á tengingunni milli hljóða og stafa. Spilin eru flokkuð í sjö stokka þar sem hver stokkur á einn lit. Með spilunum er hægt að þjálfar börn í: 1) rími 2) samsettum orðum, 3) hljóðflokkun, 4) hljóðgreiningu fyrsta hljóðs, 5) hljóðgreiningu síðasta hljóðs, 6) umskráningu og 7) hljóðtengingu (Ásthildur Bj. Snorradóttir og Valdís Gunnarsdóttir, 2001).

Markviss málörvun í leik og starfi: Þjálfun á hljóðkerfisvitund í gegnum leik. Höfundar eru Helga Friðfinnsdóttir, Sigrún Löve og Þorbjörg Þóroddsdóttir (2000). Rafræn útgáfa á vef MMS er að finna á slóðinni: https://vefir.mms.is/flettibaekur/namsefni/Markviss_malorvun/.

Orðasjóður: NámsEfnið þjálfar hlustun og talað mál ásamt því að byggja upp orðaforða daglegs lífs. NámsEfnið skiptist í þrjá hluta: Handbók, myndaspjöld og verkefni. Myndaspjöld og verkefni flokkast í þemu um ýmsa þætti daglegs lífs. Höfundur er Jenný Berglind Rúnarsdóttir (2008). NámsEfnið skiptist í þrjá hluta: Handbók (pdf á vef MMS), myndaspjöld í kassa og verkefni (pdf á vef MMS).

Íslenski máhljóðakassinn (2011) Anna María Gunnarsdóttir og Ásthildur Bj. Snorradóttir. NámsEfnið eru myndaspjöld í kassa og vefur á MMS. Efnið þjálfar framburð, hlustun og hljóðgreiningu. Það eflir orðaforða og hugtakanotkun og er undirbúningur fyrir lestur og ritun. Orðalisti og hugmyndir um notkun má finna í bæklingi sem fylgir kassanum.

Listin að lesa og skrifa - lestrarspil (1998) Arnheiður Borg og Rannveig Löve.

Helsta markmið spilsins er að gera lestrarkennsluna skemmtilega og auðvelda kennurum að þjálfa hljóðgreiningu, lestur stakra orða og stuttra setninga á fjölbreytilegan hátt. Það er einkum ætlað börnum sem þarfnast hægrar stígandi, skipulegra vinnubragða og mikillar endurtekningar við lestrarnámið.

Lærum og leikum með hljóðin (2008) Bryndís Guðmundsdóttir. Unnið með hljóðmyndun og undirbúningsfærni fyrir lestur.

Leið til læsis handbók. Stuðningskerfi í lestrarkennslu ætlað yngsta stigi. Höfundar eru Steinunn Torfadóttir, Sigurgrímur Skúlason, Helga Sigurmundsdóttir, Bjartey Sigurðardóttir, Ásthildur Bj. Snorradóttir og Jóhanna Ella Jónsdóttir (2011).

Í handbókinni eru leiðbeiningar varðandi Lesskimun fyrir 1. bekk grunnskóla sem er hluti af Lesferli. Lesferill er yfirheiti yfir prófaröð MMS. Einnig eru lýsingar á kennsluháttum sem eru taldir árangursríkar við kennslu í margbreytilegum nemendahópum. Hugmyndir eru settar fram af kennsluaðferðum sem tengjast öllum þáttum læsis; umskráningu, lesfimi, lesskilningi, orðaforða og hljóðkerfisfærni. Í handbókinni er sett upp kennsluskipulag og kennsluaðferðir sem gera kennurum kleift að sinna nemendum vel svo árangur lestrarnámsins verði sem allra bestur.

Following auditory directions: Örvar virka hlustun og heyræna úrvinnslu, höfundur er Jean Gilliam DeGaetano (1994).

The processing program. Unnið er með hlustun, hugtök og orðaforða, höfundur er Sandra Mckinnis (2012).

Stafalist spil. Þjálfun í íslensku bókstöfunum, höfundar Spilalist (2013).


Super duper málörvunarefni

Heiti spils	Þjálfar	nr.
Cause and effect	Orsök - afleiðing	FD-11
Function match-ups	Hvað passar saman	FD-12
Comparatives	Lýsingarorð stigbreyting	FD-19
Irregular plurals	Óreglulegar sagnir	FD-34
If then	Orsök/afleiðing	FD-41
Understanding negation	Neitun í setningum	FD-47
How?	Spurnarorð, hvernig	FD-50
Practicing pragmatics	Viðeigandi boðskipti	FD-52
Mini mysteries	Frásögn	FD-64
Adjectives	Lýsingarorð	FD-66
Story retell	Endursögn	FD-98
How would you feel?	Tilfinningar	FD-117
Auditory memory	Heyrnarminni	FD-122
What would you do at	Orsök/afleiðing/félagsfærni	FD-131
Difficult situations	Tjáning og félagsfærni	FD-156
Plurals	Eintala/fleirtala	FDU-08
Whats missing?	Eftirtekt - rökhugsun	FDM-06
Why?	Spurnarorð, af hverju	QC-055
Pirates & pals	Afstöðuhugtök	WFC-88
Sequencing Verb tenses	Sagnorðabeygingar	CRD-78
Sequencing fun deck	Atburðarás	FDS-07
Who?	Spurnarorð, hver	QC-011
Sentence building	Setningaupbygging	FD-148
Story retell	Endursögn	FD-98


8

Verkferlar


Lesferill - Lesskímunarpróf fyrir 1.bekk (LtL)



Lesferill - Lesskímunarpróf fyrir 1.bekk (LtL)




Lesferill - Lesskimunarpróf fyrir 1.bekk (LtL)



Verkferlar í kjölfar skimana, athugana og prófa (samstarf allra aðila)
Skoða bakgrunnsupplýsingar og gögn frá leikskólanum
Skoða gátlista og niðurstöður úr Lesskimunarprófi Lesferils fyrir 1. bekk.
Ákvörðun tekin um frekara mat
Nemendur valdir í hópa eftir niðurstöðum og eðli frávíka
Sérkennari í samráði við talmeinafræðinga eða aðra sérfræðinga setur upp einstaklingsáætlun fyrir hvert barn eftir þörfum (Sjá fylgiskjal 3)
Málörvunaefni/kennsluefni við hæfi valið fyrir hvern hóp (sjá flokkun á málörvunarefni)
Bekkjarkennarar og foreldrar fá eintak af einstaklingsáætlun fyrir hvert barn
Skráning og mat á árangri (skráningarblöð úr Tölum saman-málörvunarkerfi).
Samvinna við foreldra- verkefni heim

Dæmi um vinnu í málörvunarhópum



Verkferlar í snemmtækri íhlutun í fyrsta bekk

Ágúst - í skólabyrjun er fundur sérkennara og umsjónarkennara þar sem farið er yfir niðurstöður HLJÓM-2 og upplýsingar frá leikskólum/greiningar.

Ágúst - foreldrar fylla út gátlista sem fylgir Lesskimun fyrir 1. bekk sem er inni á Skólagátt á íslensku, ensku og pólsku.

Ágúst - út frá niðurstöðum bakgrunnsupplýsinga frá leikskóla, HLJÓM-2, greininga frá sérfræðingum og spurningarlista er ákveðið hvaða börn þurfa íhlutun og þeim skipt í málörvunarhópa eftir eðli vandans.

September - einstaklingsáætlun fyrir nemendur sem það þurfa (sjá fylgiskjal nr. 3). Fundað með foreldrum og þeim afhent afrit af einstaklingsáætluninni. Kennari útskýrir markmið og leiðir í náminu og heimavinna útskýrð.

Október - Lesskimunarpróf Lesferils fyrir 1. bekk lagt fyrir. Sérkennari og umsjónarkennarar fara yfir niðurstöðurnar. Niðurstöður metnar og skoðaðar í tengslum við greiningar og bakgrunnsupplýsingar frá leikskóla. Þeir nemendur sem mælast í áhættu 1 eða 2 í stafabekkingu, hljóðkerfisvitund og/eða málþroska eru metnir sérstaklega með tilliti til frekari íhlutunar.

Janúar - Lesfimipróf Lesferils lagt fyrir, niðurstöður skoðaðar og hópaskipting endurmetin.

Mái - Lesfimipróf Lesferils lagt fyrir aftur og niðurstöður skoðaðar. Sérkennari, í samráði við

Skipuleg uppbygging málþroska - dæmi um vinnu með Orðagull



Hluti af valmynd smáforritsins Orðagulls

Málörvunarefnið Orðagull (verkefnabók og smáforrit) býður upp á fjölbreytta notkunarmöguleika þar sem m.a. er hægt að vinna markvisst með orðaforða, vinnsluminni, heyrnræna úrvinnslu, málskilning, lesskilning og sjónrænan orðaforða (lestur orðmynda). Allt eru þetta mikilvægir undirstöðupættir fyrir mál og læsi.

Við skipulagða uppbyggingu málþroska í málörvunahópum hefur reynt vel að vinna út frá hugtakaforða í Orðagulli. Þá er unnið samhliða með verkefnabókina (Bjarney Sigurðardóttir og Ásthildur Bj. Snorradóttir, 2017) og smáforritið Orðagull (Bjarney Sigurðardóttir og Ásthildur Bj. Snorradóttir, 2016). Hér má t.d. vinna með verkefnasíður í skólanum og hafa samsvarandi borð í forritinu sem heimaverkefni. Heimavinna felst þá í að fara yfir fyrirmælahluta og/eða spurningahluta borðs.

Orðagull er byggt upp sem leikur þar sem hver og einn notandi getur skapað sig sem leikmann (notanda) og gefið leikmanni sínum nafn og útlit. Leika má alls 72 borð (3 x 24) þar sem í forritinu er hægt að velja milli þrenns konar verkefna fyrir hvert borð; þ.e. fyrirmæla, spurninga og orðalesturs. Auk þess fylgir orðabók hverju borði þar sem hægt er að læra ný orð og hugtök. Hvert borð býður þannig upp á margar ólíkar framkvæmdir og aðgerðir. Síðan má fara yfir árangurinn í þar til gerðri umsjónarvalmynd, leggja mat á svarhraða, fjölda rétttra svara og skoða fjölda endurtekninga. Einnig má hlusta á og meta upptökur með máltjáningaræfingum.

Orðagull framhald:

Góð aðferð við að festa hugtök í minni er að velja ákveðinn hugtakaflokk (borð), vinna fyrst með orðabókina en fara síðan yfir í orðalestur (hafa stillt á upplestur) í sama borði og vinna með sömu hugtök.

Orðabók

Ef smellt er á orðabókartáknið á einhverju borði í aðalvalmynd birtist viðkomandi borð með fingurtáknum sem hægt er að smella á. Þegar það er gert heyrir orðið sem á við viðkomandi hlut eða persónu og orðið sést einnig skrifað efst á skjánum.

Fyrirmæli

Hægt er að velja á milli þess að:

1) Hafa fyrirmælin bæði heyrnæn og textuð (t.d. fyrir yngri börn). Þegar börn eru ekki byrjuð að lesa er sú stilling valin. Þá heyrast fyrirmælin lesin en jafnframt birtist textinn efst á skjánum.

2) Hafa eingöngu textafyrirmæli, t.d. til að þjálfva lestur og/eða lesskilning hjá eldri nemendum. Þá er slökkt á tákmynd fyrir Hlusta (eyra) í aðalvalmynd og nemandinn fær aðeins að sjá textann og þarf að lesa fyrirmælin.

Spurningar

Ef unnið er með spurningar í forritinu með börnum, sem ekki eru farin að lesa, er þeim kennt að þekkja orðmyndirnar já og nei áður en byrjað er að vinna í borðinu. Hægt er að skrifa orðin á blað og setja t.d. broskarla og fýlukarl við orðin til stuðnings ef þess þarf. Spurningarnar eru heyrnænar og barnið getur þá bent á réttan broskarl sem svar við spurningunni sem það heyrir og æft þannig hlustun, heyrnarminni og endurtekningu eftir þörfum.

Orðalestur

Nemandinn les orð sem birtast á orðaspjaldi í skúffu neðst á skjánum og dregur síðan orðaspjaldið á þá mynd sem passar við orðið. Hægt er að hafa fyrirmælin einnig heyrnæn í aðalvalmynd (mynd af eyra) og styður upplestur orðsins þá við lestur nemandans.

(Sjá fylgiskjal 4 með leiðbeiningum um notkun Orðagulls).

9

Gagnlegt efni

9.1 Verkferakista hugmynda

Orðaforðalisti MMS (Menntamálastofnun, 2017) nýtist vel sem rammi til að styðjast við þegar verið er að huga að hvaða orð eða orðflokkum á að vinna með. Hann nýtist einnig starfsfólki skólans til að minna sig á að nota fjölbreyttan orðaforða. Það er mikilvægt að hafa í huga að orðaforðalistinn er hvorki skimunar- né mælitæki. Hér fyrir neðan eru hugmyndir um hvernig nýta má orðin úr listanum.

- Vinna með orð úr mismunandi orðflokkum og láta börnin flokka þau
- Draga úr poka til skiptis og finna t.d. hvort orðið sé hægt að nota til að lýsa einhverju (lýsingaorð) eða hvort þetta sé orð yfir eitthvað sem við gerum (sagnorð)
- Vinna með orð (orðaspjöld) og myndir samhliða – tengja saman orð og mynd
- Vinna með samheiti og andheiti (orð/myndir) og para saman
 - Strákur – piltur – drengur
 - Heitt – kalt, efst – neðst
- Vinna hugtakakort út frá myndum, t.d. mynd af hesti og finna mörg orð sem tengjast hestinum
- Orðaforðalisti MMS - <https://vefr.mms.is/flettibaekur/namsefni/ordafordalisti/>

9.2 Gagnlegar vefslóðir

Kötluvefurinn - námsefni sem stuðlar að því að auka orðaforða íslenskra grunnskólabarna sem hafa annað móðurmál en íslensku <http://tungumalatorg.is/katla/>

Nemendur með íslensku sem annað tungumál <https://erlendir.akmennt.is/>

Allir með enginn eins – fjölmening í leikskóla <https://reykjavik.is/allir-med>

Tungumál er gjöf - vefur fyrir leikskóla þar sem markmiðið er að efla mál og læsi barna sem læra íslensku sem annað mál, í samvinnu við foreldra <https://www.tungumalergjof.com/>

Menntamálastofnun – Fræðslugátt <https://fraedslugatt.is/>

Menntastefna Reykjavíkurborgar – Verkferakista <https://menntastefna.is/>

Hugmyndavefur fjölskyldunnar

<https://sites.google.com/view/hugmyndavefur-fjolskyldunnar/fors%C3%AD%C3%B0a>

Miðja máls og læsis

<https://mml.reykjavik.is/gagnlegt-efni/>

Orðaleikur – orðanám í leikskóla

<https://sites.google.com/view/ordaleikur/heim?authuser=0>

Þjálfun hljóðkerfisvitundar í leikskóla

https://mms.is/sites/mms.is/files/hljom-2_-_nidurstodur_hopavinnu.pdf

Sterkari út í lífið – verkfærakista til efla sjálfsmynd barna og unglunga

<https://sterkariutilifid.is/>

Paxel123 – verkefni til útprenturnar

<https://paxel123.com/>

Myndmál – vefur ætlaður börnun að efla málþroska, framburð og orðaforða

<https://www.myndmal.is/sites/forsida.php>

Námsvefir á Menntamálastofnun – yfirlit

https://mms.is/sites/mms.is/files/baeklingur_gagnvirkur_a4-vefur_0.pdf

Mímisbrunnur – upplýsingar um smáforrit, vefi og tölvuleiki

<http://mimisbrunnur.is/index.php/category/smaforrit/islensk-smaforrit/>

Sérkennslutorg – smáforrit

<https://www.pinterest.com/serkennslutorg/>

Málhljóðakassinn – framburður, hljóðkerfisvitund

<https://klb.mms.is/klb/malhljodakassinn>

Markviss málörvun – þjálfun hljóðkerfisvitundar

https://vefir.mms.is/flettibaekur/namsefni/Markviss_malorvun/

Georg og félagar

<https://www.islandsbanki.is/is/vara/thjonusta/georg-og-felagar>

Lærum og leikum með hljóðin <https://laerumogleikum.is/>

Fræðsluskot – fyrir önnum kafna kennara í fjölmennningarlegu umhverfi

<https://fraedsluskot.wixsite.com/heim>

Læsi allra mál <http://tungumalatorg.is/laesiallramal/>

Félag talmeinafræðinga á Íslandi - fræðsla <https://www.talmein.is/>

Lærum saman – verum saman – upplýsingar til foreldra

<https://reykjavik.is/foreldravefurinn/laerum-saman-tolum-saman-verum-saman>

Proska og hegðunarstöð – Hagnýt ráð

<https://www.heilsugaeslan.is/serthjonusta/throska-og-hegdunarstod/>

Orðaskjóða – æfir hugtakaskilning í lesgreinum – grunnskóli

<http://tungumalatorg.is/ordaskjoda/>

Oddeyrarskóli – þjálfunarefni fyrir nemendur

<https://oddeyrarskoli.is/nem/thjalfunarefni/>

Gefðu 10

íslenska: https://mms.is/sites/mms.is/files/gatlisti_180916_1.pdf

pólska: https://mms.is/sites/mms.is/files/gatlisti_lestur_pl.pdf

enska: https://mms.is/sites/mms.is/files/gatlisti_180916_1.pdf_en-gb.pdf

Gagnlegar síður inná Facebook

- Babbl og spjall – málproski barna 0-3 ára.
- Lubbi finnur málbein – gagnabanki.
- Fjölbreyttir kennsluhættir fyrir fjöruga krakka.
- ADHD- samtökin.
- Spjallhópur foreldra barna með ADHD og skyldar raskanir (kynna sér Skrár).

Gagnlegt málörvunarefni

- My first words
- Orðaleikurinn
- Sort it out 1 og 1 smáforrit til að flokka ýmsar myndir
- Orðaflipp—fyrir miðstig
- Making sequences
- Preposition Journey—æfir afstöðuhugtök
- Making Sequences—raða myndum í atburðarás og segja frá
- Book crator—hægt að setja inn upptökur, myndir, texta og myndbönd
- Segulljóð—íslenskt smáforrit ætlað eldri börnum

10

LOKAORÐ

Með þróunarverkefninu Snemmtæk íhlutun í málörvun og lestrarnámi grunnskólabarna - uppbygging málörvunarhópa er byggt á þekkingu og verkferlum varðandi snemmtæka íhlutun í málþroska og lestrarnámi ungra barna. Í þróunarverkefninu er miðað við að aðferðir séu útfærðar fyrir nemendur í fyrsta bekk í Skarðshlíðarskóla. Verkefnið var unnið í samvinnu við talmeinafræðinga Hafnarfjarðarbæjar með þátttöku deildarstjóra stoðþjónustu, sérkennara og umsjónarkennara í fyrsta bekk. Með aukinni þekkingu hefur verkefnið vaxið ár frá ári og fest í sessi vinnubrögð varðandi snemmtæka íhlutun og markvissa uppbyggingu málörvunarhópa með áherslu á málþroska. Samvinna við leikskólana er nauðsynlegur þáttur í þessu ferli en kennsla og íhlutun í grunnskólanum byggir á niðurstöðum prófana og skimana á leikskólastiginu.

Í byrjun 1. bekkjar er farið yfir bakgrunnsupplýsingar frá leikskóla og greiningargögn sem fylgja nemendum. Þær upplýsingar eru síðan notaðar til að byrja strax með snemmtæka íhlutun. Nemendum er skipt í málörvunarhópa eftir kennslufræðilegum þörfum hvers nemanda. Gerðar eru einstaklingsáætlanir fyrir börnin í málörvunarhópunum og unnið er eftir þeim eftir þörfum. Eftir að búíð er að leggja fyrir Lesskimunarpróf fyrir fyrsta bekk (LtL) eru einstaklingsáætlanir endurskoðaðar og þau börn sem að sýna útkomu undir meðaltali á Lesskimunarprófinu eru send í frekari greiningu til talmeinafræðinga eða annarra sérfræðinga eftir þörfum. Eftir að niðurstöður talmeinafræðings liggja fyrir eru einstaklingsáætlanir endurskoðaðar með niðurstöður frá greiningu talmeinafræðings og ráðgjöf í huga.

Þróunarverkefnið hefur styrkt starfsmenn í starfi og auðveldað íhlutun og skipulagningu hennar. Íhlutun í málörvunarhópunum er unnin í samstarfi við foreldra og fær barnið einnig verkefni til þjálfunar heima.

Mikilvægt er að vinna markvisst að því að styrkja málþroska og undirstöðubætti fyrir lestur út frá kennslu í fjölbreyttum nemendahópi. Lögð er áhersla á að vinna út frá heildstæðri skólastefnu með það í huga að allir nemendur fái kennslu við hæfi. Það er m.a. gert með stigskiptri kennslu og fjölbreyttum kennsluaðferðum þar sem valið er kennsluefni við hæfi. Einnig er sérstök áhersla lögð á að mæta börnum sem eru að læra íslensku sem annað tungumál.

Það má segja það að fara af stað með þróunarverkefni og byggja upp nýjan skóla á sama tíma hafi falið í sér margar áskoranir og hefur tengiliðahópur þróunarverkefnisins og starfsfólk skólans oft þurft að finna nýjar leiðir að verkefninu. Skólastjórnendur hafa stutt við verkefnið frá byrjun og hvatt tengiliðahópinn áfram og er það ómetanlegt. Gildi Skarðshlíðarskóla samvinna, vinátta og þrautseigja hafa verið leiðarljós tengiliðahópsins í gegnum alla vinnuna við þróunarverkefnið.

Þau vinnubrögð sem starfsfólk í Skarðshlíðarskóla hefur tileinkað sér varðandi snemmtæka íhlutun og uppbyggingu málörvunarhópa munu halda áfram að þróast. Með hverju ári gengur betur að mæta þörfum nemenda sem þurfa fjölbreyttar kennsluáðferðir sem byggja á snemmtækri íhlutun til að efla góðan málþroska og lestur.

11

HEIMILDASKRÁ

Aðalheiður Una Narfadóttir, Atli Freyr Magnússon, Helga Kristinsdóttir og Þórunna Halldórsdóttir. (2015). *AEPS færnimiðað matskerfi*. Kópavogur: Greiningar- og ráðgjafastöð ríkisins.

Anna Guðmundsdóttir. (2007). *Lesið til skilnings*. Reykjavík: Námsgagnastofnun.

Anna María Gunnarsdóttir og Ásthildur Bj. Snorradóttir. (2011). *Íslenski máhljóðakassinn*. Kópavogur: Námsgagnastofnun.

Arnheiður Borg, Áslaug Hartmannsdóttir, Eiríkur Ellertsson og Ingibjörg Símonardóttir (2003). *Leggðu við hlustir – íslensk þýðing og staðfærsla*. Kópavogur: Höfundar.

Arnheiður Borg og Rannveig Löve. (1998). *Listin að lesa og skrifa - lestrarþil*. Reykjavík: Menntamálastofnun.

Ásthildur Bj. Snorradóttir. (2006). *Bína bálreiða*. Reykjavík: Salka.

Ásthildur Bj. Snorradóttir. (1999). *Lestur og hljóðkerfisvitund*. Glæður, 2, bls. 10-15.

Ásthildur Bj. Snorradóttir og Bjartey Sigurðardóttir. (2018). *Tölum saman málörvunarkerfi fyrir börn með málþroskafrávik og tvítýngd börn (2. útgáfa)*. Reykjavík: Höfundar.

Ásthildur Bj. Snorradóttir og Valdís B. Guðjónsdóttir. (2015). *Ljáðu mér eyra: Undirbúningur fyrir lestur (4. útgáfa)*. Reykjavík: Höfundar

Ásthildur Bj. Snorradóttir, Anney Ágústsdóttir, Bergrós Ólafsdóttir, Margrét Þóra Jónsdóttir og Sigurður Sigurjónsson. (2014). *Snemmtæk íhlutun í málörvun tveggja til þriggja ára barna*. Akranes: GuðjónÓ.

Ásthildur Bj. Snorradóttir. (2010). *Að byrja nógu snemma: Markviss kennsla fyrir börn sem eiga í erfiðleikum með mál og lestur*. Talfærðingurinn, 21 (1), 20-22.

Bjartey Sigurðardóttir og Sigurgímur Skúlason. (2012). *Hljóðfærni*. Greiningarpróf fyrir börn í 1. bekk grunnskóla sem teljast í áhættuhópi vegna lestrarörðugleika. Hljóðkerfisvitund – Hljóðavitund. Reykjavík; Námsmatsstofnun.

Bjartey Sigurðardóttir og Ásthildur Bj. Snorradóttir. (2017). *Orðagull (2. útgáfa)*. Reykjavík: Höfundar.

Bjartey Sigurðardóttir og Ásthildur Bj. Snorradóttir. (2016). *Smáforritið Orðagull*. Reykjavík: Rosamosi.

Björk Alfreðsdóttir, Hólmfríður Árnadóttir, Hrafnhildur Karlsdóttir, Ingibjörg Símonardóttir og Margrét Tryggvadóttir. (2013). *TRAS skráning á málþroska ungra barna*. Reykjavík: Námsmatsstofnun.

Brigance, A.H. (2008). *BRIGANCE Þroskaskimun fyrir 2 1/2 árs börn, EPS II*. Reykjavík: Embætti landlæknis, Þróunarsvið og Þroska- og hegðunarstöð Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins.

Brinton, B. og Fujiki, M. (2006). *Social and affective factors in children with language impairment: Implication for literacy learning*. C.A. Stone, E.R. Silliman, B.J. Ehren og K. Apel (ritstjórar). *Handbook of language and literacy: Development and disorders* (bls. 130-153). New York: Guilford Press.(2004).

Bryndís Guðmundsdóttir (2013). *Íslenski málhjóðamælirinn*. Reykjavík: Raddlist ehf.

Bryndís Guðmundsdóttir. (2008). *Lærum og leikum með hjóðin*. Reykjanesbær: Raddlist.

Catts, H.W.,og Kahmi, A.G. (1999). *Language and Reading Disabilities*. Boston: Allyn og Bacon.

DeGaetano, Jean Gillian. (1994). *Following auditory directions*. USA. *Great Ideas for Teaching*.

Edwards, S., Letts, C. og Sinka, I. (2011). *The new Reynell developmental language scales manual*. London: GL. Assessment Limited.

Ehri, L.C. (1997). *Learning to read and learning to spell are one of the same, almost*. *Learning to spell*. bls. 237-269. Hillsdale, NJ: Eldbaum

Einar Guðmundsson og Sigurður J. Grétarsson. (1997). *Íslenski þroskalistinn: handbók*. Reykjavík: Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála.

Einar Guðmundsson og Sigurður J. Grétarsson. (2005). *Smábarnalistinn: handbók*. Reykjavík: Násmatsstofnun.

Elín Þöll Þórðardóttir. (1998). *Orðaskil málþroskapróf: Leiðbeiningar og aldursviðmið*. Reykjavík: Framsaga.

Elín Þöll Þórðardóttir (2004). *Tvítýngi er ekkert að óttast*. *Talfræðingurinn* 18 bls. 5-7.

Elmar Þórðarson, Friðrik Rúnar Guðmundsson og Ingibjörg Símonardóttir. (2012). *EFI-2 Málþroskaskimun fyrir börn á fjórða ári*. Handbók. Akranes: Talþjálfun og ráðgjöf.

Elsa Pálsdóttir. (2017). *Orðaforðalisti – Hugtök sem æskilegt er að börn á leikskolaaldri hafi á valdi valdi sínu*. Menntamálastofnun. Sótt 15. júní 2020 af <https://vefir.mms.is/flettibaekur/namsefni/ordafordalisti/>

Ester Sighvatsdóttir og Sigríður Magnúsdóttir. (2004). *Málþroskaraskanir í málfræðilegu samhengi*. *Talfræðingurinn* 18, bls. 16-18.

Eyrun Ísfold Gísladóttir og Þóra Másdóttir. (2009). *Lubbi finnur málbein*. Reykjavík: Forlagið.

Fjóla Þorvaldsdóttir. (e.d). Sérkennslutorg. Sótt 18. mars 2020 af <https://serkennslutorg.is/throskastigin/vitsmunathroskirokhugsun/teacch/>

Fríða B. Jónsdóttur. (2019). Gefðu 10. Sótt af <https://mml.reykjavik.is/2019/05/24/gefdu-10-ekki-bida-byrjadu-strax/>

Fræðsluskot (2018, 28. mars). Lesskilningsþjálfun í gegnum hlutverkaleik. Sótt af <https://fraedsluskot.wixsite.com/heim>

Glascoe, F.P. (2006). *Parents' Evaluation of Developmental Status*. Nashville: Ellsworth og Vandermeer Press.

Goetz, Karin. *Perspectives on Team Teaching*. Egallery. 2000.

Sótt á slóðina <http://www.ucalgary.ca/~egallery/goetz.html> (19. des. 2004).

Guðmundur Engilbertsson. (2013). Orð af orði. Sótt af <https://hagurbal.weebly.com/gagnvirkurlestur.html>

Phonological awareness and reading intervention. Í M. J. Snowling og J. Stackhouse (ritstj.), *Dyslexia, Speech and Language*, (2. útgáfa) (bls. 167–197). London: Whurr Publishers.

Helga Friðfinnsdóttir, Sigrún, Löve, Þorbjörg Þóroddsdóttir. *Markviss málörvun*. (2000). Rafbók: https://mms.is/sites/mms.is/files/atoms/files/40141_markviss_malorvun.pdf.

Hoover, W.A. og Gough. P.B. (1990). *The simple view of reading*. *Reading and Writing: An Interdisciplinary Journal* 2, bls. 127-160.

Hrafnhildur Ragnarsdóttir. (2004). *Málþroski barna. Uppeldi og menntun*. Tímarit K.H.Í, 13.árg. 2.

Hulme, C. og Snowling, M.J. (2009). *Developmental disorders of language learning and cognition*. Oxford: Wile-blackwell.

Ingibjörg Símonardóttir, Jóhanna Einarsdóttir og Amalía Björnsdóttir. (2002). *HLJÓM-2: Athugun á hljóð- og málvitund leikskólabarna*. Reykjavík: Höfundar.

Jenný Berglind Rúnarsdóttir. (2008). *Orðasjóður námsefni til málörvunar: handbók kennara*. Reykjavík: Menntamálastofnun.

Jóhanna Einarsdóttir, Amalía Björnsdóttir og Ingibjörg Símonardóttir. (2004). *Málþroskamælingar í leikskóla og forspárgildi þeirra um námsgengi í grunnskóla*. *Uppeldi og menntun*, 13, bls. 67-90.

Letts, C. og Sinka, I. (2011). *The new Reynell developmental language scales: Multilingual toolkit*. London: GL Assessment Limited.

Lækurinn, innri vefur Hafnarfjarðar. (e.d). Grunnskólar. Sótt af innri.hafnarfjordur.is

Maroney, Sharon A. *Some Notes on Team Teaching*. 1995. Sótt af <http://www.wiu.edu/users/mfsam1/TeamTchg.html> (27. des. 2004).

McKinnis, S. (2012). *The processing program*. South Carolina: Super Duper publication.

Menntamálastofnun. (2017). *Orðaforðalisti - Hugtök sem er æskilegt að börn á leikskólaaldri hafi á valdi sínu*. Sótt 25. september 2020 af: <https://vefir.mms.is/flettibaekur/namsefni/ordafordalisti/>

Muter, V. (2003). *Early Reading Development and Dyslexia*. London: Whurr Publishers.

National Reading Panel. (2000). *Report on a synthesis of early predictors of reading*. Louisville, KY: Author.

Singh, S. og Kent, R.D. (2000). *Illustrated dictionary of speech, language pathology*. San Diego: Singular Publishing Group.

Snowling, M.J. (2000). *Dyslexia* (2. útgáfa). Oxford: Blackwell

Sonja Dröfn Helgadóttir. (2016). *Sambætting aðferða við læsiskennslu*. (M.Ed ritgerð). Háskólinn á Akureyri, hug-og félagvísindasvið. Sótt 18.mars 2020 af <https://skemman.is/bitstream/1946/23659/9/M.Ed.%20Sonja%20Dr%C3%B6fn.pdf>.

Sólveig Jónsdóttir. (2007). *Getur athyglisbrestur verið vangreind málþroskaröskun, Talfræðingurinn*, 20, bls. 10-11.

Stackhouse, J., og Wells, B. (2004). *Children's Speech and Literacy Difficulties 1. A psycholinguistic framework*. London: Whurr Publishers.

Steinunn Torfadóttir. (e.d.). *Hljóðaaðferð*. Sótt af <https://lesvefurinn.hi.is/hljodaadferd>. 01.06.2020

Steinunn Torfadóttir, Sigurgrímur Skúlason, Helga Sigurmundsdóttir, Bjartey Sigurðardóttir, Ásthildur Bj. Snorradóttir og Jóhanna Ella Jónsdóttir (2011). *Leið til læsis handbók*. Reykjavík: Háskóli Íslands, Menntamálastofnun.

Strand, Gerd (2005). *Könnun Gerd Strand. Mat á stöðu nemanda*. Guðjón E. Ólafsson og Kristín Björk Guðmundsdóttir þýddu og staðfærðu. Héraðsnefnd Austur-Húnavatnssýslu.

Tolman, C. (2005). *Working smarter not harder: What teacher of reading need to know and be able to teach. Perspectives*, 31(4), 14–23. 97.

Torgesen, J. K. (2005). *Recent Discoveries on Remedial Interventions for Children with Dyslexia*. Í M. J. Snowling og C. Hulme (ritstj.), *The Science of Reading: A Handbook* (bls. 521–537). Malden: Blackwell.

Tryggvi Sigurðsson. (2006). *Snemmtæk íhlutun fyrir ung börn með málhömlun. Talfræðingurinn*, 19 (1), 5-7.

Weitzman, E.og Greenberg, J. (2002). *Learning lanaguage and loving it*. Toronto: The Hanen Centre.

Westby, C. (2006). *A language perspective on executive function: Metacognition and Selfregulation in reading*. C.A. Stone, E.R. Silliman, B.J. Ehren og K. Apel (ritstjórar). *Handbook of language and literacy: Development and disorders* (bls. 398-428). New York: Gulford Press.

12

FYLGISKJÖL

1 SPURNINGALISTAR

Spurningalisti fyrir foreldra barna sem eru að læra íslensku sem annað tungumál til að meta hvort að um málþroskafrávik sé að ræða

Ásthildur Bj. Snorradóttir, talmeinafræðingur

Nafn barns: _____

Móðurmál barnsins (sterkara mál barnsins) _____

Fæðingardagur og ár: _____

Dagsetning: _____

Fyllt út af: _____

Heilsufar/boðskipti/málþróun			
	Já	Nei	Veit ekki
Var meðganga og fæðing barnsins eðlileg?			
Hefur barnið verið með langvarandi veikindi?			
Hefur barnið farið í heyrnarmælingu			
Er barnið fætt á Íslandi?			
Elst barnið upp við tví-/fjöltyngi? Tala foreldrar sitt móðurmál við barnið?			
Hefur barnið möguleika á að dvelja í íslensku málumhverfi fyrir utan skóla?			

Hefur barnið sýnt málþroskafrávik á eigin tungumáli? (boðskipti, orðaforði, málskilningur, máltjáning, framburður)			
Hefur barnið verið aðskilið frá foreldrum í langan tíma?			
Hefur barnið átt í erfiðleikum með snertingu og faðmlög?			
Sýnir barnið vanvirkni og lítinn áhuga á umhverfinu?			
Sýnir barnið áhuga á fólki og spennandi dóti?			
Á barnið auðvelt með augnsamband?			
Bregst barnið við nafninu sínu?			
Bregst barnið þitt við munnlegum skilaboðum?			
Sýnir barnið ætlun og eftirvæntingu í samskiptum/leik?			
Notar barnið leikföng á viðeigandi hátt?			
Hefur barnið áhuga á bókum?			
Finnst þér málþroski barnsins aldursvarandi?			
Stoppaði málþróunin hjá barninu á einhverjum tíma?			
Hefur barnið sýnt erfiða hegðun tengda málhömlun?			
Hefur greinst þroskahömlun, athyglisbrestur eða lestrarörðugleikar í fjölskyldunni?			
Strikaðu undir það sem á við innan sviga			




Málskilningur			
	Já	Nei	Veit ekki
Sýnir barnið þörf fyrir boðskipti? (Móðurmál, íslenska)			
Þekkir barnið algenga hluti og myndir? (Móðurmál, íslenska)			
Þekkir barnið nokkra líkamshluta? (Móðurmál, íslenska)			
Hlustar barnið með athygli á sögur? (Móðurmál, íslenska)			
Fer barnið eftir einföldum fyrirmælum? (Móðurmál, íslenska)			
Fer barnið eftir flóknari fyrirmælum? (Móðurmál, íslenska)			
Réttir barnið hluti samkvæmt beiðni? (Móðurmál, íslenska)			
Er barnið að bæta við sig skilningi á nýjum orðum? (Móðurmál, íslenska)			
Strikaðu undir það sem á við á innan sviga			

Máltjáning			
	Já	Nei	Veit ekki
Byrjaði barnið seint að tala? (Miðað við móðurmál)?			
Er barnið að bæta við sig orðum í máltjáningu? (Móðurmál, íslenska)			
Tjáir barnið grunnþarfir? (Móðurmál, íslenska)			
Getur barnið tjáð sig um það sem það er að gera? (Móðurmál, íslenska)			
Tjáir barnið sig í leik með öðrum börnum? (Móðurmál, íslenska)			
Er barnið byrjað að tengja saman orð? (Móðurmál, íslenska)			
Tjáir barnið sig í setningum? (Móðurmál, íslenska)			
Er barnið með mikil framburðarfrávik? (Móðurmál, íslenska)			
Hefur barnið gaman af því að leika sér með málið (dæmi: Ríma, klappa atkvæði, leika með máhljóðin) (Móðurmál, íslenska)			

Þekkir barnið og getur nefnt bókstafi (Móðurmál, íslenska)			
Þekkir barnið hljóð bókstafanna (Móðurmál, íslenska)			
Þekkir barnið og getur það nefnt tölustafi? (Móðurmál,			
<i>Strikaðu undir það sem á við innan sviga</i>			

Greiningar/sýnishorn af tjáningu			
Nefndu greiningar sem barnið þitt hefur farið í			
	Já	Nei	Veit ekki
Sýndi barnið frávik í málþroska í 2 ½ árs skoðun á heilsugæslu ?			
Sýndi barnið frávik í málþroska í 4 ára skoðun á heilsugæslu ?			
Sýndi barnið frávik í málþroska í 4 ára skoðun á heilsugæslu ?			
Setning 1:			
Setning 2:			
Annað sem þú vilt taka fram sem þú telur skipta máli varðandi málþroska barnsins			

2 GÁTLISTI LESFERILS



Bakgrunnsupplýsingar vegna lestrarnáms

Gátlisti lagður fyrir foreldra/forráðamenn við upphaf skólagöngu
 Ásthildur Bjarney Snorradóttir og Bjarney Sigurðardóttir

Nemandi: _____

Kt.: _____ Skóli: _____

Foreldri/forráðamaður sem er fyllir út gátlistann: _____

Umsjónarkennari barnsins: _____ Bekkur: _____ Dags: _____

Greiningar sem barnið hefur farið í: _____

Hér eru staðhæfingar sem tengjast málproska barna. Merktu við hversu vel þær eiga við um barnið þitt:	Já	Nei	Veit ekki
Byrjaði seint að tala			
Skilur ekki flókin fyrirmæli/langar setningar			
Er óskýrt í samfelldu tali.			
Á erfitt með að læra texta og vísur			
Gerir mikið af beygingarvillum í máltjáningu			
Frásögn er mjög óskipuleg			
Þekkir færri en fimm bókstafi			
Hefur lítinn áhuga á bókum			
Á í erfiðleikum með framburð orða sem innihalda samhljóðaklasa (segir t.d. firðildi í stað fiðrildi).			
Hér á eftir eru spurningar varðandi bakgrunn barnsins. Merktu við rétt svar:	Já	Nei	Veit ekki
Er barnið tvítýngt/fjöltyngt (talar fleiri en eitt tungumál)?			
Hafa foreldrar eða systkini átt í lestrarerfiðleikum?			
Hefur barnið greinst með málproskafrávik?			
Kom út með slaka eða mjög slaka færni á HLJÓM-2 (athugun á hljóð- og málvitund leikskólabarna) þegar athugunin var lögð fyrir sl. haust?			
Er saga um þrálátar eyrnabólgu hjá barninu?			
Hefur barnið greinst með heymarskerðingu?			
Hefur barnið greinst með sjónskerðingu?			

Annað sem þú vilt taka fram: _____



Background information for literacy learning

Checklist to be completed by parents/guardians at the start of schooling

Ásthildur Bjarney Snorradóttir and Bjarney Sigurðadóttir

Student: _____

National ID No (*kennitala*): _____ School: _____

Parent/guardian completing the checklist: _____

Student's class teacher: _____ Year group: _____ Date: _____

Diagnoses received by the child: _____

The following statements relate to children's language development. Please indicate whether they apply to your child:	Yes	No	I don't know
Was a late speaker			
Does not understand complex instructions/long sentences			
Articulates unclearly in continuous speech			
Finds it difficult to learn song lyrics and rhymes			
Frequently uses erroneous grammatical forms in verbal expression			
Produces very incoherent narratives			
Recognises less than five letters of the alphabet			
Shows little interest in books			
Struggles with the pronunciation of words containing consonant clusters (as when pronouncing the Icelandic word <i>fiðrildi</i> as 'firðildi')			
The following questions relate to the child's background. Please check the correct answer:	Yes	No	I don't know
Is the child bilingual or multilingual (able to speak more than one language)?			
Does the child have a parent or sibling who has experienced reading difficulties?			
Has the child been diagnosed with a language impairment?			
Did the child receive poor or very poor results in HLJÓM-2 (assessing preschool children's phonological and language awareness) when administered that test last autumn?			
Does the child have a history of recurrent otitis?			
Has the child been diagnosed with a hearing impairment?			
Has the child been diagnosed with a visual impairment?			

Additional information that you wish to provide: _____

Lesferill (2009) í hlífingunni



Wstępne informacje dotyczące nauki czytania

Kwestionariusz dla rodziców/opiekunów dziecka rozpoczynającego edukację szkolną
 Ásthildur Bjarmey Snorraddóttir i Bjartey Sigurðardóttir

Uczeń: _____

Numer ewidencyjny (kennitala): _____ Szkoła: _____

Rodzie/opiekun wypełniający kwestionariusz: _____

Wychowawca: _____ klasa: _____ Data: _____

Diagnozy dziecka: _____

Lesferill (2006) © Mennskurátturinn

Poniżej przedstawiamy twierdzenia odnoszące się do rozwoju mowy. Proszę zaznaczyć, w jakim stopniu odnoszą się one do Waszego dziecka.	Tak	Nie	Nie wiem
Dziecko zaczęło mówić późno			
Nie rozumie bardziej złożonych poleceń/dłuższych zdań			
Wypowiedzi są nieskładne/Mówi niezrozumiale			
Ma problemy z nauczeniem się tekstu czy wierszyków			
Gdy mówi, odmienia nieprawidłowo wiele wyrazów			
Wypowiedzi są nieskładne			
Zna mniej niż pięć liter			
Mało interesuje się książeczkami			
Ma problemy z prawidłowym wypowiedzeniem wyrazów, szczególnie tych, które zawierają zbitki spółgłosek (mówi np. rwołki zamiast wrotki).			
Poniżej znajdują się pytania dot. środowiska, z którego wywodzi się dziecko. Proszę zaznaczyć właściwą odpowiedź:	Tak	Nie	Nie wiem
Czy dziecko jest dwujęzyczne/wielojęzyczne (mówi więcej niż jednym językiem)?			
Czy rodzice lub rodzeństwo dziecka mieli problemy z czytaniem?			
Czy u dziecka zdiagnozowano zaburzenia rozwoju mowy?			
Czy uzyskało słaby lub bardzo słaby wynik w badaniu testem HLJOM-2 (badanie analizy głoskowej i rozumienia mowy przedszkolaków) badanie przeprowadzone jesienią ubiegłego?			
Czy miało przewlekłe zapalenie ucha?			
Czy u dziecka zdiagnozowano ubytek słuchu?			
Czy zdiagnozowano u dziecka upośledzenie wzroku?			

Inne uwagi: _____

3 SÝNISHORN AF EINSTAKLINGSÁÆTLUNUM

Skarðshlíðarskóli
2017-2018

sýnishorn

Sérkennsla skólaárið

Nemandi:

Bekkur:

Ágúst-desember	Málörvun-Lestrarnám	3
----------------	---------------------	---

Tímabil:

Námsgrein

Kennslustundir á viku

Markmið	Verkefni
Styrkja framburð	Ljáðu mér eyra, <u>hljóðstöðumyndir</u>
Þjálfun <u>hljóðkerfisvitundar</u>	Lærum og leikum með hljóðin Ljáðu mér eyra bók og spil K-PALS Lubbi finnur málbein Stafastuð – spil Orðagull
Þjálfva boðskiptareglur	Bínu bækurnar

Leiðir að markmiðum: Kennsla í litlum hópi

Í hverri kennslustund er unnið með framburð, þjálfun hljóðkerfisvitundar og þjálfun í umskráningu.

Heimavinna: Sérkennari lætur nemanda fá verkefni sem unnin eru heima.

Skarðshlíðarskóli
2017-2018

Sýnishorn

Sérkennsla skólaárið

Nemandi: Bekkur:

Janúar - maí	Málörvun-Lestrarnám	3
Tímabil:	Námsgrein	Kennslustundir á viku

Markmið	Verkefni
Styrkja framburð	Ljáðu mér eyra, hljóðstöfumyndir
Þjálfun hljóðkerfisvitundar	Lærum og leikum með hljóðin Ljáðu mér eyra bók og spil K-PALS Lubbi finnur málbein Stafastuð – spil Orðagull
Þjálfva boðskiptareglur	Bínu bækurnar

Leiðir að markmiðum: Kennsla í litlum hópi

Í hverri kennslustund er unnið með orðaforða, málskilning og þjálfun hljóðkerfisvitundar.

Mat á árangri/skráning: gátlisti úr Ljáðu mér eyra

Skráningarblað úr Tölum saman – málörvunarkerfi

Staða í janúar 2018

*Stafabekking: Þekkir rúmlega helming stafanna. Þekkir ekki
b,d,ð,Ð,e,E,é,G,L,N,t,T,v,V,X,Y,Ý,Þ,þ,Æ,æ,Ö,ö*

Lesferill - janúar les 4 orð á mínútu. Viðmið 1 eru 20 orð að vori í 1. bekk.

Lesferill lesskimun október: hljóðkerfisvitund: óvissa, utan áhættu, áhætta 2,

Kennari: Kristín Laufey Reynisdóttir

Talmeinafræðingur: Ásthildur Bj. Snorradóttir

Heimavinna: Sérkennari lætur nemanda fá verkefni sem unnin eru heima.

Nemandi: Bekkur: 1-bekkur

Ágúst-janúar	Málörvun -Lestrarnám	6
Tímabil:	Námsgrein	Kennslustundir á viku

Markmið	Verkefni
Auka orðaforða og málskilning	Orðasjóður, Tölum saman- <u>málörvunarkerfi</u> , Orðagull
Styrkja málfræðivitund og setningarfræði	Sentence building-Super Duper
Þjálfun <u>hljóðkerfisvitundar</u>	Ljáðu mér eyra, Tölum saman <u>málörvunarkerfi</u> <u>K-PALS</u>
Þjálfun bókstafa	<u>K-PALS</u>

Leiðir að markmiðum: Kennsla í litlum hópi

Í hverri kennslustund er unnið með orðaforða, málskilning og þjálfun hljóðkerfisvitundar.

Mat á árangri/skráning: Gátlisti úr Ljáðu mér eyra

Skráningarblað úr Tölum saman – málörvunarkerfi

Kennari: Kristín Guðnadóttir


Heimavinna: Sérkennari lætur nemanda fá verkefni sem unnin eru heima.



4 ORÐAGULL—LEIÐBEINGAR


Smáforritið Orðagull – Leiðbeiningar


Orðagull er ennþá frítt til niðurhals í App Store og Play Store




Barnið býr til sinn eigin aðgang með því að ýta á "Nýr notandi"


1. Skrifar nafnið sitt.
2. Velur húðlit.
3. Velur háralit.
4. Velur persónu úr persónusafninu.
5. Ýtir á "Klára".







Hægt er að velja milli þrenns konar verkefna, auk orðabókar: Fyrirmæli – Spurningar – Orðalestur. Smellið á viðkomandi flípa til að velja hvað á að vinna með. Smellið síðan á það borð sem valið er.



Grunnstillingar sem eru í boði í aðalvalmynd:

Grænt: Það sem er valið.

Rautt: Það sem ekki er valið.

- **Tónlist:** Hér sést að búið er að velja að hafa ekki bakgrunnstónlist (rautt).
- **Hlusta:** Þá heyrir nemandinn orðin og/eða setningarnar lesnar upp.
- **Lesi:** Nemandinn sér textann.
- **Frásögn:** Nemandinn segir orðið/setningarnar upphátt og forritið tekur það upp (hér hefur verið valið að hafa slökkt á upptökunni og tákmyndin er því rauð).



Orðabók

Ef smelt er á orðabókartáknið í einhverju borði birtist viðkomandi borð með fingurtáknum sem hægt er að smella á. Þegar það er gert heyrir orðið sem á við viðkomandi hlut eða persónu og orðið sést einnig skrifað efst í borðinu.



Orðalestur

Nemandinn les orðið og dregur orðaspjaldið úr skúffunni og á réttan stað á myndinni.

Hægt er að hafa stillt á hlusta í aðalvalmynd (eyra) til stuðnings við lestur.

Athugið: Góð aðferð við að festa hugtök í minni er að velja ákveðinn hugtakaflokk (borð) og vinna fyrst með orðabókina. Fara síðan yfir í orðalestur í sama borði og vinna með sömu hugtök.



Fyrirmæli

Hægt er að velja á milli þess að:

A) Hafa fyrirmælin bæði heyrnæn og textuð (t.d. fyrir yngri börn).

B) Hafa eingöngu textafyrirmæli, t.d. til að þjálfva lestur og lesskilning hjá eldri nemendum. Þá er slökkt á táknmynd fyrir *Hlusta* (eyra) í aðalvalmynd.



Spurningar

Ef unnið er með ólæsum börnum er þeim kennt að þekkja orðmyndirnar já – nei.

Setjið t.d. broskall og fylukall við orðin ef þess þarf.

Um smáforritið Orðagull

Orðagull hefur það að markmiði að styrkja orðaforða, málskilning, vinnsluminni, heyrnæna úrvinnslu, lesskilning og máltjáningu barna.

Orðagull hentar elstu börnum í leikskóla og börnum á yngsta stigi grunnskóla. Einnig getur það nýst eldri nemendum sem glíma við erfiðleika hvað varðar vinnsluminni, heyrnæna úrvinnslu, orðaforða og endursögn, sem og nemendum á öllum aldri með íslensku sem annað tungumál.

Höfundar Orðaqulls eru talmeinafræðingarnir Bjartey Sigurðardóttir og Ásthildur Bj. Snorradóttir.

Orðaqull hefur verið styrkt af eftirfarandi aðilum: Barnavinafélaginu Sumargjöf, Hafnarfjarðarbæ, Minningarsjóði Helgu Jónasdóttur og Bjarna Snæbjörnssonar, Málefli, Soroptimistaklúbbi Hafnarfjarðar og Garðabæjar, Tæknivörum, Þróunarsjóði námsgagna.

5 RÁÐLEGGINGAR TIL FORELDRA

RÁÐLEGGINGAR TIL FORELDRA – 1

Verkefni sem styrkja hljóðkerfis- og hljóðavitund nemenda

Hvað er hljóðkerfisvitund – hljóðavitund?

Hljóðkerfisvitund er sá hæfileiki að geta hugsað og talað um hljóðkerfi málsins. Barn með vel þroskaða hljóðkerfisvitund skynjar form tungumálsins og getur aðskilið það frá merkingarlegu innihaldi þess. Í flestum tilfellum þroskast hljóðkerfisvitund á eðlilegan hátt samhliða öðrum þáttum málþroskans, þar sem barnið uppgötvar smám saman form tungumálsins án sérstakrar ihlutunar. Hljóðavitund er undirþáttur hljóðkerfisvitundar, en hljóðavitund er meðvitund um minnstu merkingarbæru einingar málsins, málhljóðin. Nemandi með góða hljóðavitund getur til dæmis greint hvaða hljóð eru í orðum og skipt einu hljóði út fyrir annað.

Góð hljóðkerfisvitund og þá ekki síst góð hljóðavitund, er ein af mikilvægustu forsendum þess að börn nái góðum tókum á lestrarferlinu (umskráningu). Ef barn er með frávík í hljóðkerfis- eða hljóðavitund er mikilvægt að grípa strax inn í við upphaf skólagöngu og veita viðeigandi þjálfun. Það er mjög æskilegt að foreldrar vinni einnig með þessa þætti heima. Gerið þjálfunina að skemmtilegum leik, skapið þannig jákvætt viðhorf og vekji áhuga barnsins.

Áður en hafist er handa:

Vinnið helst með verkefnum daglega, en í stuttan tíma í senn (10 – 15 mínútur). Leitist við að gera vinnuna skemmtilega og áhugaverða. Umbun í formi hróss, stimpla eða limmiða virkar oft mjög hvetjandi. Hrósið fyrir alla góða viðleitni og veitið stuðning eftir þörfum.

Val á verkefnum fer fram í samráði við sérkennara eða talmeinafræðing. Áður en þjálfunarlota hefst er gott að vera búinn að skrifa niður hugmyndir að verkefnum og orðum sem á að vinna með. Það eykur gildi þjálfunarinnar að tengja hljóðin við bókstafi og gera þar með málhljóðin sýnileg!

Þulur, romsur, visur.

Veljið skemmtilegar þulur eða visur og farið með þær fyrir barnið. Notið sterka og jafna hrynjandi þegar farið er með vísurnar. Prófið síðan að láta barnið botna visuorðin (dæmi: Foreldri segir, „Sól skín á fossa.“ Barnið botnar, „segir hún Krossa.“) Einnig má kenna barninu romsur sem byggja á rími og leika með þær. Hér má til dæmis nefna romsur sem notaðar eru við að telja úr (t.d. Úllen, dúllen doff og Uгла sat á kvisti).

Vinna með samstöfur

Þegar unnið er með samstöfur er unnið með náttúrulega hrynjandi orðanna. Þá er orðunum ýmist skipt niður í einingar eða slíkar einingar settar saman í orð. Hafði stutt bil á milli orðhlutanna.

» *Barnið klappar orð og nöfn og telur hversu oft var klappað. Talið við barnið um löng og stutt orð. Til dæmis má klappa götuheini, full nöfn fjölskyldumeðlima, afmælisdaga o.s.frv.*

» *Barnið hlustar á orð sem hefur verið sundurgreint í orðhluta (samstöfur orðsins) og setur það saman í orð. (Dæmi: „Hvaða orð segi ég núna; Kuð – un – ga – krabb – i?“).*



Rímleikir

Það er gaman að vinna með rím á sem fjölbreyttastan máta.

- » Hvetjið barnið til að finna eins mörg orð og það getur sem ríma við uppgefið orð, til dæmis orðið „pabbi“. Talið um að hægt sé að finna alvöruorð sem ríma við orðið (t.d. pabbi – krabbi – Rabbi) og svo sé líka hægt að ríma með bullorðum (t.d. pabbi – tabbi – sabbí).
- » Hvetjið barnið til að botna rímsetningar, t.d. „Ég sá litla mús læðast inn í . Ég sá lit- inn hund sem var að fara í .“
- » Látið barnið hlusta á tvö orð í senn sem ýmist ríma eða ríma ekki. Barnið á síðan að segja til um hvort orðin ríma. (Dæmi: „Ríma orðin rotta – motta?“ – „Ríma orðin fótur – góð- ur?“).

Stuðlun/hljóðflokkun

Biðjið barnið að finna eins mörg orð og það getur (eða ákveðinn fjöldi orða) sem byrja á ákveðnu hljóði. Sitjið við hlið barnsins og skrifið niður orðin sem barnið segir. Um leið og þið skrifið orðið þá skulið þið kveða vel að hverju hljóði.

- » Byrjið á að vinna með orð sem byrja á sérhljóða (t.d. a – e – í – ú – æ ...)
- » Vinnið síðan með samhljóða sem hægt er að lengja og þægilegt er að vinna með (t.d. m – l – s – n – f – v...).
- » Veljið síðast bókstafi/hljóð sem gera meiri kröfur og nemendur eiga oft erfitt með að vinna með (t.d. p – b – d – k – g...).

Að hlusta og finna orð út frá forhljóði

Að skynja samhengi milli málhljóðs og bókstafs er erfitt fyrir sum börn. Þetta er ekki sist erfitt vegna þess að í töluðu máli „litast“ málhljóðin hvert af öðru. Það er því mun auðveldara að greina forhljóð orða en hljóð sem er í lok eða miðju orðs.

- » Gátuleikur : Segið barninu að nú eigi það að hlusta vel. Dæmi: „Gettu hvað ég er að hugsa um. Þetta er dýr sem syndar í sjónum og nafnið byrjar á f... (lengið hljóðið)“. Ef barnið finnur ekki rétta svarið má bæta við næsta hljóði; „Nafnið byrjar á fi....“
- » Gátuleikur með nöfn: Segið barninu að nú eigi það að hlusta vel. Dæmi: „Gettu hvern ég er að hugsa um. Þetta er stelpa í þínum bekk og nafnið hennar byrjar á M.... (lengið hljóð- ið)“. „Gettu hvern ég er að hugsa um. Þetta er frændi þinn og nafnið hans byrjar á K.“ Ef barnið finnur ekki rétta svarið má bæta við næsta hljóði; „Nafnið hans byrjar á Kr....“

Að flokka orð út frá forhljóði

- » Áður en hafist er handa velur foreldri tvö (eða þrjú) forhljóð sem gott er að greina á milli (t.d. í og r). Takið blað, skiptið því í tvö dálka og skrifið umræddabókstafefstí síthvorn dálkinn. Segið við barnið: „Áhvaða hljóðu/staf byrjar þetta orð; ísbjörn? (róla, rostungur, ígulker...)“ Þegar barnið hefur fundið út rétta hljóðið/stafinn skrifar foreldri orðið í réttan dálk.
- » Þyngið smám saman verkefnið eftir því sem færni barnsins eykst.

RÁÐLEGGINGAR TIL FORELDRA – 2

Verkefni sem styrkja hljóðavitund nemenda

Hvað er hljóðkerfisvitund – hljóðavitund?

Hljóðkerfisvitund er sá hæfileiki að geta hugsað og talað um hljóðkerfi málsins. Barn með vel þroskaða hljóðkerfisvitund skynjar form tungumálsins og getur aðskilið það frá merkingarlegu innihaldi þess. Í flestum tilfellum þroskast hljóðkerfisvitund á eðlilegan hátt samhliða öðrum þáttum málþroskans, þar sem barnið uppgötvar smám saman form tungumálsins án sérstakrar ihlutunar. Hljóðavitund er undirþáttur hljóðkerfisvitundar en hljóðavitund er meðvitund um minnstu merkingarbæru einingar málsins, málhljóðin. Nemandi með góða hljóðavitund getur til dæmis greint hvaða hljóð eru í orðum og skipt einu hljóði út fyrir annað.

Góð hljóðkerfisvitund og þá ekki síst góð hljóðavitund er ein af mikilvægustu forsendum þess að börn nái góðum tókum á lestrarferlinu (umskráningu). Ef barn er með frávik í hljóðkerfis- eða hljóðavitund er mikilvægt að grípa strax inn í við upphaf skólagöngu og veita viðeigandi þjálfun. Það er mjög æskilegt að foreldrar vinni einnig með þessa þætti heima. Gerið þjálfunina að skemmtilegum leik, skapið þannig jákvætt viðhorf og vektið áhuga barnsins.

Áður en hafist er handa

Vinnið með verkefnið helst daglega en í stuttan tíma í sem (10 – 15 mínútur). Leitist við að gera vinnuna skemmtilega og áhugaverða. Umbun í formi hróss, stimpla eða límniða virkar oft mjög hvetjandi. Hrósið fyrir alla góða viðleitni og notið stuðning eftir þörfum. Einnig má búa til keppni þar sem gefin eru stig fyrir hvert rétt orð. Val á verkefnum fer fram í samráði við sérkennara eða talmeinafræðing. Áður en þjálfunarlotta hefst er gott að vera búinn að skrifa niður orð sem unnið skal með. Það eykur gildi þjálfunarinnar að tengja hljóðin við bókstafi og gera þar með málhljóðin sýnileg!

Samtenging hljóða í orð

Foreldri les upp orð með því að sundurgreina orðið í hljóð og nemandinn á að finna út hvaða orð er um að ræða. T.d. „Hvaða orð er þetta: S – e – l – u – r?“ (Segið hljóð en ekki bókstafaheiti og hafið stutt bil á milli hljóðanna). Byrjið á fremur stuttum og einföldum orðum. Vinnið síðan með lengri orð og því næst orð með samhljóðaklössum (t.d. fri, skór). Einnig má vinna þetta verkefni sem gátuleik: „Gettu hvern ég er að hugsa um. Þetta er stelpa sem heitir, M – a – r – í – a.“ (Segið hljóð en ekki bókstafaheiti og hafið stutt bil á milli hljóðanna). „Gettu hvað ég er að hugsa um. Þetta er dýr sem heitir, u – g – l – a.“

Stuðlun

Veljið bókstafi/hljóð sem nemandinn á erfitt með (t.d. p – b – d – k – g – f – v – þ). Biðjið barnið að finna eins mörg orð og það getur (eða ákveðinn fjöldi orða) sem byrja á umbeðnu hljóði. Sitjið við hlið barnsins og skrifið orðin niður. Um leið og þið skrifið orðið þá skulið þið kveða vel að hverju hljóði.

Sundurgreining orða í hljóð

Biðjið nemandann að sundurgreina orð niður í hljóð. T.d. „Hvaða hljóð eru í orðinu Fúsi?“ Vinnið síðan með lengri orð (t.d. kafari, sumarfrí, múrari...) og því næst orð með samhljóðaklössum (t.d. kría, brosa, fjara...).

Að bæta við forhljóði

Segið nemandanum að nú eigi hann að reyna að setja hljóð framan við orð. T.d. „Hvernig breytist orðið amma ef þú setur m fyrir framan það?“ – „Já, þá breytist amma í mamma.“ (Dæmi um fleiri orð: s –úr, m –úr, b –úr, l –úr, m –ók, k –ók, b –ók, t –ók, f –æla, s –æla, m –æla, v –æla, r –ómur, d –ómur...).

Að taka hljóð aftan af orði

Segið nemandanum að nú eigi hann að reyna að taka hljóð aftan af orði. T.d. „Hvað verður eftir þegar þú tekur r (segið hljóðið, en ekki bókstafsheitið) úr orðinu skór?“ – „Já, þá breytist skór í skó.“ (Dæmi um fleiri orð: má –r, Ás –a, Ól –i, bú –r, mal –a, hjól –a...)

Að taka hljóð framan af orði

Segið nemandanum að nú eigi hann að reyna að taka hljóð framan af orði. Byrjið á að taka burt hljóð sem ekki er hluti af samhljóðaklasa. T.d.: „Hvað verður eftir þegar þú tekur k (segið hljóðið, en ekki bókstafsheitið) úr orðinu kallar.“ (Dæmi um fleiri orð: r –íma, v –askur, m –ala, t –æfa...).

Að taka hljóð framan af orði (samhljóðaklasar)

Notið sömu vinnubrögð og í verkefnum á undan, nema að nú er fyrsta hljóðið hluti af samhljóðaklasa. T.d. „Hvað verður eftir þegar þú tekur f (segið hljóðið, en ekki bókstafsheitið) úr orðinu flatur.“ (Dæmi um fleiri orð: b –renna, k –rabbi, f –lauta...).

Að víxla forhljóðum orða

Segið nemandanum að nú eigi hann að reyna að víxla forhljóðum tveggja orða. Í upphafi skal velja orð sem ekki byrja á samhljóðaklössum. Gott er að velja orð sem byrja á samhljóða og svo kemur sérhljóð. T.d. fiskur – hattar (sem verður þá hiskur – fattar). (Dæmi um fleiri orðapör: vor – sumar, kópur – fangi, hundur – köttur, kind – mús...) Stundum þarf að aðstoða nemandann með því að skrifa orðapörin niður.

6 AÐ KUNNA VIÐEIGANDI BOÐSKIPTI

Ásthildur Bj. Snorradóttir, talmeinafræðingur

Nemandi kann:	Já	Nei
Að heilsa fólki		
Að hrósa fólki		
Að horfa framán í þann sem talar		
Að standa í hæfilegri fjarlægð við viðmælanda		
Að sitja kyrr og hlusta		
Að sýna áhuga á því sem aðrir eru að segja (t.d. með því að brosa og kinka kollli)		
Að eiga samskipti við aðra með því að bæta einhverju við („verbal filters“)		
Að spyrja einfaldra spurninga		
Að nota rétta tóntegund		
Að tala á réttum hraða		
Að bíða eftir viðbrögðum annarra		
Að taka þátt í umræðum		
Að setja sig í spor annarra		
Að sjá sig með augum viðmælanda		
Að hrósa sjálfum sér		
Að tjá tilfinningar		
Að eignast vini		
Að taka þátt í hópavinnu		
Að fara eftir reglum		